

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) 2018/851

2021/EES/74/33

frá 30. maí 2018

um breytingu á tilskipun 2008/98/EB um úrgang (*)

EVRÓPUPINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 1. mgr. 192. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ⁽¹⁾,með hliðsjón af álitum svæðanefndarinnar ⁽²⁾,í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ⁽³⁾,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Bæta ætti úrgangsstjórnun í Sambandinu og umbreyta henni í sjálfbæra hráefnastjórnun með það fyrir augum að vernda, varðveita og auka gæði umhverfisins, vernda heilbrigði manna, tryggja að náttúruauðlindir séu nýttar af varúð, hagkvæmni og skynsemi, stuðla að meginreglum hringrásarhagkerfisins, auka notkun endurnýjanlegrar orku, auka orkunýtni, draga úr því hversu háð Sambandið er innfluttum tilföngum, skapa ný efnahagsleg tækifæri og stuðla að samkeppnishæfni til langs tíma. Til að gera hagkerfið endanlega hringlaga er nauðsynlegt að gera viðbótarráðstafanir varðandi sjálfbæra framleiðslu og neyslu með því að leggja áherslu á allan vistferil vara á þann hátt að það varðveiti auðlindir og loki hringrásinni. Hagkvæmari notkun auðlinda myndi einnig þýða umtalsverðan hreinan sparnað fyrir fyrirtæki, opinber yfirvöld og neytendur innan Sambandsins ásamt því að draga úr árlegri heildarlosun gróðurhúsalofttegunda.
- 2) Með því að bæta hagkvæmni auðlindanýtingar og tryggja að úrgangur sé metinn að verðleikum sem auðlind er hægt að stuðla að því að draga úr því hversu háð Sambandið er innflutningi hráefna og auðvelda umbreytingu yfir í sjálfbærari stjórnun efna og hringrásarhagkerfisliðan. Sú umbreyting ætti að stuðla að markmiðum um snjallhagvöxt, sjálfbæran hagvöxt og hagvöxt fyrir alla, sem sett eru fram í áætluninni Evrópa 2020, og skapa mikilvæg tækifæri fyrir staðbundin hagkerfi og hagsmunaaðila en stuðla um leið að því að auka samlegðaráhrif milli hringrásarhagkerfisins og orku-, loftslags-, landbúnaðar-, iðnaðar- og rannsóknarstefna sem og að hafa í för með sér ávinning fyrir umhverfið, með tilliti til minnkunar á losun gróðurhúsalofttegunda, og fyrir hagkerfið.
- 3) Fjölga ætti markmiðunum, sem mælt er fyrir um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB ⁽⁴⁾, um að undirbúa endurnotkun og endurvinnslu á úrgangi til að þau endurspegli betur metnað Sambandsins um að færa sig yfir í hringrásarhagkerfi.
- 4) Tryggja þarf samræmi milli tilskipunar 2008/98/EB og tengdra lagagerða Sambandsins, s.s. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/28/EB ⁽⁵⁾ og reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 ⁽⁶⁾.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 150, 14.6.2018, bls. 109. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 318/2021 frá 29. október 2021 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB C 264, 20.7.2016, bls. 98.

(2) Stjtið. ESB C 17, 18.1.2017, bls. 46.

(3) Afstaða Evrópuþingsins frá 18. apríl 2018 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 22. maí 2018.

(4) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB frá 19. nóvember 2008 um úrgang og um niðurfellingu tiltekinnna tilskipana (Stjtið. ESB L 312, 22.11.2008, bls. 3).

(5) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/28/EB frá 23. apríl 2009 um að auka notkun orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum og um breytingu og síðar niðurfellingu á tilskipunum 2001/77/EB og 2003/30/EB (Stjtið. ESB L 140, 5.6.2009, bls. 16).

(6) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), um stofnun Efnastofnunar Evrópu, um breytingu á tilskipun 1999/45/EB og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1488/94, sem og tilskipun ráðsins 76/769/EBE og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 91/155/EBE, 93/67/EBE, 93/105/EB og 2000/21/EB (Stjtið. ESB L 396, 30.12.2006, bls. 1).

- 5) Mörg aðildarríki hafa enn ekki lokið við að þróa að fullu nauðsynleg grunnvirki úrgangsstjórnunar. Því er nauðsynlegt að setja skýr stefnumarkmið til langs tíma til að veita leiðsögn fyrir ráðstafanir og fjárfestingar, einkum með því að koma í veg fyrir að til verði rekstrarleg umframgeta við meðhöndlun úrgangisleifa og að endurvinnanlegur efniviður sitji fastur á neðra þrepi úrgangsmetakerfisins.
- 6) Heimilis- og rekstrarúrgangur myndar u.þ.b. 7 til 10% af öllum úrgangi sem fellur til í Sambandinu. Þessi úrgangstraumur er hins vegar einn af þeim flóknustu til að stjórna og stjórnunarmátinn á honum gefur yfirleitt góða vísbendingu um gæði úrgangsstjórnunarkerfisins í heild sinni í viðkomandi landi. Áskoranir við stjórnun heimilis- og rekstrarúrgangs stafa af mjög flókinni og blandaðri samsetningu hans, beinni nálægð úrgangsins, sem fellur til, við borgarana, mjög miklum sýnileika hans og áhrifum á umhverfið og heilbrigði manna. Af þessu leiðir að stjórnun heimilis- og rekstrarúrgangs útheimtir mjög flókið kerfi, þ.m.t. skilvirkt söfnunarkerfi, skilvirkt flokkunarkerfi og tilhlýðilega eftirfylgni með úrgangsstraumum, virka þátttöku borgara og fyrirtækja, grunnvirki sem eru löguð að tiltekinni úrgangssamsetningu og vandað fjármögnunarkerfi. Lönd sem hafa þróað skilvirk kerfi til að stjórna heimilis- og rekstrarúrgangi standa sig alla jafna betur við úrgangsstjórnun í heild sinni, þ.m.t. að ná endurvinnslumarkmiðum.
- 7) Reynslan hefur sýnt að þrátt fyrir að ábyrgð á úrgangsstjórnun sé skipt á milli opinberra aðila og einkaaðila geta úrgangsstjórnunarkerfi hjálpað til við að koma á hringrásarhagkerfi og að ákvörðun um skiptingu ábyrgðar fer oft eftir landfræðilegum og skipulagslegum aðstæðum. Þær reglur, sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun, miðast við úrgangsstjórnunarkerfi þar sem sveitarfélögin bera almenna ábyrgð á að safna heimilis- og rekstrarúrgangi og kerfi þar sem slíkri þjónustu er útvistað til rekstraraðila í einkageiranum eða annars konar skiptingu ábyrgðar milli opinberra aðila og einkaaðila. Val á slíkum kerfum og hvort það á að breyta þeim eða ekki er áfram á ábyrgð aðildarríkjanna.
- 8) Til að komast hjá tvítekingu reglna ætti að undanskilja efni, sem eru að stofni til úr plöntum, úr matvælaíðnaði í landbúnaðinum og matvæli, sem eru ekki úr dýraríkinu, sem eru ekki lengur ætluð til manneldis og eru ætluð til fóðrunar dýra, undan gildissviði tilskipunar 2008/98/EB ef þau eru í fullu samræmi við löggjöf Sambandsins um fóður. Því ætti tilskipun 2008/98/EB ekki að gilda um þessar vörur og efni þegar þau eru notuð í fóður og skýra þarf gildissvið þeirrar tilskipunar nánar til samræmis við það. Með fyrirvara um önnur ákvæði Sambandsins sem gilda á sviði fóðurs eru aukaafurðir úr dýrum, sem á að nota sem fóðurefni í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 767/2009 ⁽¹⁾, nú þegar undanskildar gildissviði tilskipunar 2008/98/EB að því marki sem þær falla undir aðra löggjöf Sambandsins.
- 9) Fella þarf skilgreiningar á hættulausum úrgangi, heimilis- og rekstrarúrgangi, úrgangi frá byggingar- og niðurrifsstarfsemi, matarúrgangi, endurnýtingu efniviðar, fyllingum og kerfi fyrir rýmkaða ábyrgð framleiðanda inn í tilskipun 2008/98/EB þannig að gildissvið þessara hugtaka sé skýrt nánar.
- 10) Til að tryggja að undirbúningur fyrir endurnotkunar- og endurvinnslumarkmið byggist á áreiðanlegum og samanburðarhæfum gögnum og til að auðvelda skilvirkari vöktun á framförum við að ná þessum markmiðum ætti skilgreiningin á heimilis- og rekstrarúrgangi í tilskipun 2008/98/EB að vera í samræmi við skilgreininguna, sem Hagstofa Evrópusambandsins og Efnahags- og framfarastofnunin nota vegna hagskýrslugerðar, sem aðildarríkin hafa notað sem grundvöll skýrslugjafar í mörg ár. Heimilis- og rekstrarúrgangur er skilgreindur sem úrgangur frá heimilum og úrgangur frá öðrum upptökum, s.s. smásölu, stjórnun, menntunar- og heilbrigðisþjónustu, rekstri gististaða og veitingarekstri og annari þjónustu og starfsemi, sem er svipaður að eðli og samsetningu og úrgangur frá heimilum. Þess vegna nær heimilis- og rekstrarúrgangur m.a. yfir úrgang frá viðhaldi almenningsgarða og garða, s.s. laufblöð, gras og afklippur af trjám, og úrgang frá markaðstorga- og gatnahreinsunarþjónustu, s.s. innihald úr ruslatunnum og uppsóp, að undanskildum efniviði á borð við sand, steina, leðju eða ryk. Aðildarríkin eiga að tryggja að úrgangur frá stórum verslunum og iðnaði, sem er ekki svipaður og úrgangur frá heimilum, falli ekki undir gildissviðið fyrir heimilis- og rekstrarúrgang. Úrgangur frá framleiðslu, landbúnaði, skógrækt, fiskveiðum, byggingar- og niðurrifsstarfsemi, rotþróum, skólpkerfum og -meðhöndlun ásamt úr sér gengnum ökutækjum er undanskilinn gildissviði heimilis- og rekstrarúrgangs. Heimilis- og rekstrarúrgang

⁽¹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 767/2009 frá 13. júlí 2009 um setningu fóðurs á markað og notkun þess, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 79/373/EBE, tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 80/511/EBE, tilskipunum ráðsins 82/471/EBE, 83/228/EBE, 93/74/EBE, 93/113/EB og 96/25/EB og á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/217/EB (Stjtíð. ESB L 229, 1.9.2009, bls. 1).

ber að skilja þannig að hann samsvari þeim tegundum úrgangs sem eru tilgreindar í kafla 15 01 og í 20. kafla, að undanskildum kóðum 20 02 02, 20 03 04 og 20 03 06, í skránni yfir úrgang, sem komið var á fót með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/955/ESB ⁽¹⁾, í þeirri útgáfu sem var í gildi 4. júlí 2018. Úrgangur, sem fellur undir aðra kafla í þeirri skrá, telst ekki vera heimilis- og rekstrarúrgangur nema í tilvikum þar sem heimilis- og rekstrarúrgangur fer í gegnum meðhöndlun og fær úthlutað kóðunum sem eru tilgreindir í 19. kafla skrárinnar. Aðildarríkjnum er heimilt að nota viðeigandi flokka í þeirri skrá vegna hagskýrslugerðar. Skilgreining á heimilis- og rekstrarúrgangi í þessari tilskipun er innleidd í þeim tilgangi að ákvarða gildissviðið í tengslum við undirbúning fyrir endurnotkunar- og endurvinnslumarkmiðin og reiknireglur fyrir þau. Hún er hlutlaus, að því er varðar hvort rekstraraðilinn, sem meðhöndlar úrganginn, er opinber eða í einkageiranum, og nær því yfir úrgang frá heimilum og öðrum upptökum sem sveitarfélög meðhöndla eða láta meðhöndla fyrir sína hönd eða sem rekstraraðilar í einkageiranum meðhöndla beint.

- 11) Þó að skilgreiningin á úrgangi frá byggingar- og niðurrífsstarfsemi vísi til úrgangs sem stafar frá byggingar- og niðurrífsstarfsemi á almennum nótum nær hún líka yfir úrgang sem stafar frá minni háttar byggingar- og niðurrífsstarfsemi almennings á einkaheimilum. Úrgangur frá byggingar- og niðurrífsstarfsemi ætti að skilja þannig að hann samsvari þeim tegundum úrgangs sem eru tilgreindar í 17. kafla í skránni yfir úrgang, sem komið var á fót með ákvörðun 2014/955/ESB, í þeirri útgáfu sem var í gildi 4. júlí 2018.
- 12) Innleiða ætti skilgreiningu á endurnýtingu efniviðar sem nær yfir önnur form endurnýtingar en endurnýtingu orku og önnur en uppvinnslu úrgangs í efniviði sem eru notaðir sem eldsneyti eða á annan hátt til að framleiða orku. Undir þetta fellur undirbúningur fyrir endurnotkun, endurvinnslu og fyllingu ásamt annarri endurnýtingu efniviðar, s.s. uppvinnsla úrgangs í endurunnin hráefni í tæknilegum tilgangi fyrir vegagerð eða önnur grunnvirki. Slík uppvinnsla getur uppfyllt skilgreininguna á endurvinnslu, með hliðsjón af sértækum raunverulegum málavöxtum, ef notkun efniviða byggir á tilhlýðilegu gæðaeftirliti og uppfyllir alla viðeigandi staðla, hefðir, nákvæmar skilgreiningar og kröfur um vernd umhverfis og heilbrigðis fyrir þessa sértæku notkun.
- 13) Innleiða ætti skilgreiningu á fyllingu til að skýra nánar að hugtakið merkir sérhverja endurnýtingaraðgerð á hentugum hættalausum úrgangi til endurheimtar á graftrassvæðum eða á tæknilegan hátt við landmótun Úrgangur, sem er notaður til fyllingar, ætti að takmarkast við það magn sem er bráðnaðsynlegt til að ná þessum tilgangi.
- 14) Innleiða ætti skilgreiningu á kerfi fyrir rýmkaða ábyrgð framleiðanda til að skýra nánar að það merkir þær ráðstafanir sem aðildarríkin gera til að krefja framleiðendur vara um að bera fjárhagslega ábyrgð eða fjárhagslega og skipulagslega ábyrgð á stjórnun úrgangsskeiðsins á vistferli vöru, þ.m.t. aðskildar söfnunar-, flokkunar- og meðhöndlunaraðgerðir. Sú skylda getur einnig tekið til skipulagslegrar ábyrgðar og ábyrgðar á að stuðla að forvörnum gegn myndun úrgangs og að endurnotanleika og endurvinnanleika vara. Framleiðendur vara geta uppfyllt skyldurnar í kerfinu fyrir rýmkaða ábyrgð framleiðanda hver um sig eða í sameiningu.
- 15) Til að stuðla að því að ná markmiðunum, sem mælt er fyrir um í tilskipun 2008/98/EB, ættu aðildarríkin að nýta sér efnahagsleg stjórnátæki og aðrar ráðstafanir til að hvetja til beitingar úrgangsmetakerfa, s.s. þeirra sem eru tilgreind í IV. viðauka a, sem taka m.a. til urðunar- og brennslugjalda, kerfa fyrir „borgaðu þegar þú hendir“ (e. *pay-as-you-throw*), kerfa fyrir rýmkaða ábyrgð framleiðanda, auðveldun matargjafa og hvata fyrir staðaryfirvöld, eða aðra viðeigandi gerninga og ráðstafanir.
- 16) Til að stuðla að sjálfbærri nýtingu auðlinda og iðnaðarsamlífi ættu aðildarríkin að gera viðeigandi ráðstafanir til að stuðla að því að efnir eða hlutur, sem verður til í framleiðsluferli þar sem meginmarkmiðið er ekki að framleiða þetta efni eða þennan hlut, verði viðurkenndur sem aukaafurð ef samræmd skilyrði, sem eru fastsett á vettvangi Sambandsins, eru virt. Fela ætti framkvæmdastjórninni vald til að samþykka framkvæmdargerðir til að fastsetja ítarlegar viðmiðanir um notkun á þeirri stöðu að vera aukaafurð og setja í forgang þá starfshætti iðnaðarsamlíffis sem hægt er að endurskapa.
- 17) Til að veita rekstraraðilum á markaði með endurunnin hráefni meiri vissu, að því er varðar stöðu efna eða hluta sem úrgangs eða ekki úrgangs, og til að stuðla að jöfnum samkeppnisskilyrðum er mikilvægt að aðildarríkin geri viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að úrgangur, sem hefur farið í gegnum endurnýtingaraðgerð, teljist hættur að vera úrgangur ef hann uppfyllir öll skilyrðin sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 6. gr. tilskipunar 2008/98/EB, eins og henni er breytt með þessari tilskipun. Slíkar ráðstafanir geta náð yfir samþykkt löggjafar þar sem þessi skilyrði eru lögleidd, stutt með málsmeðferðarreglum þeim til framkvæmdar, s.s. að fastsetja efniviða- og notkunarsértækar viðmiðanir um hvenær úrgangur hættir að vera úrgangur, leiðbeiningarskjöl, ákvarðanir í hverju tilviki fyrir sig og aðrar málsmeðferðarreglur um sértæka beitingu samræmdra skilyrða sem eru fastsett á vettvangi Sambandsins. Slíkar ráðstafanir ættu að innihalda fullnustuákvæði til að sannreyna að úrgangur, sem telst vera hættur að vera úrgangur vegna þess að hann hefur farið í gegnum endurnýtingaraðgerð, sé í samræmi við lög Sambandsins um úrgang, iðefni og vörur, einkum með því að setja í

(1) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/955/ESB frá 18. desember 2014 um breytingu á ákvörðun 2000/532/EB um skrána yfir úrgang samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB (Stjftð. ESB L 370, 30.12.2014, bls. 44).

forgang úrgangsstrauma sem skapa meiri áhættu fyrir heilbrigði manna og umhverfið vegna eðlis þeirra og umfangs, úrgang sem fellur undir nýstárleg endurnýtingarferli eða úrgang sem er endurheimtur til frekari notkunar síðar í öðrum aðildarríkjum. Ráðstafanirnar mega einnig fela í sér að gerð verði krafa um að rekstraraðilar, sem endurnýta úrgang, eða handhafar endurheimtra úrgangsefna þurfi að sýna fram á að þeir fari að skilyrðunum sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 6. gr. tilskipunar 2008/98/EB, eins og henni er breytt með þessari tilskipun. Til að koma í veg fyrir ólöglegan tilflutning á úrgangi og til að auka vitund meðal aðildarríkja og rekstraraðila ætti að vera meira gagnsæi varðandi nálgun aðildarríkjanna er varðar lok úrgangsfasans, einkum að því er varðar ákvarðanir þeirra í hverju tilviki fyrir sig og niðurstöður úr sannprófun lögbærra yfirvalda, sem og varðandi sérstök athugunarefni aðildarríkjanna og lögbærra yfirvalda varðandi tiltekna úrgangsstrauma. Endanleg ákvörðun um það hvort skilyrðin, sem mælt er fyrir um í 5. gr. eða í 6. gr. tilskipunar 2008/98/EB, eins og henni er breytt með þessari tilskipun, eru uppfyllt verður áfram að öllu leyti á ábyrgð aðildarríkjanna á grundvelli allra viðeigandi upplýsinga sem handhafi efniviðarins eða úrgangsins leggur fram.

- 18) Fela ætti framkvæmdastjórninni framkvæmdarvald til að fastsetja ítarlegar viðmiðanir fyrir beitingu á lokum úrgangsfasa. Í því samhengi ætti að taka til athugunar sértækar viðmiðanir um hvenær úrgangur hættir að vera úrgangur, a.m.k. fyrir íblöndunarefni, pappír, hjólbarða og textílefni.
- 19) Beiting reglna um aukaafurðir og hvenær úrgangur hættir að vera úrgangur ætti ekki að hafa áhrif á önnur ákvæði í lögum Sambandsins, einkum 28. gr. og 4. mgr. a og 4. mgr. b í 50. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1013/2006 ⁽¹⁾ um tilflutning úrgangs, löggjöf um íðefni og löggjöf sem varðar setningu tiltekinna vara á markað. Lok úrgangsfasa nást því aðeins að efni eða hlutir séu í samræmi við viðeigandi kröfur sem gilda um vörur. Unnt er að fastsetja reglur um hvenær úrgangur hættir að vera úrgangur í vörusértækri löggjöf.
- 20) Aðildarríkin ættu að gera viðeigandi ráðstafanir til að hvetja til þróunar, framleiðslu, setningar á markað og notkunar á vörum og íhlutum í vörur sem eru hentugar til margs konar notkunar, sem innihalda endurunna efniviði, sem eru tæknilega endingargóðar og auðvelt að gera við og sem eru, eftir að þær eru orðnar að úrgangi, hentugar til að undirbúa þær fyrir endurnotkun og endurvinnslu til að stuðla að tilhlýðilegri framkvæmd úrgangsmetakerfisins og án þess að tefla frjálsum vöruflutningum á innri markaðinum í tvísýnu. Í þessum ráðstöfunum ætti að taka tillit til áhrifa frá vörum á öllum vistferli þeirra, úrgangsmetakerfisins og, eftir því sem við á, möguleikans á endurtekinni endurvinnslu.
- 21) Kerfi fyrir rýmkaða ábyrgð framleiðanda mynda mikilvægan hluta af skilvirkri úrgangsstjórnun. Þó er verulegur munur á skilvirkni þeirra og afkastagetu milli aðildarríkja. Því er nauðsynlegt að fastsetja rekstrarlegar lágmarkskröfur fyrir slík kerfi fyrir rýmkaða ábyrgð framleiðanda og skýra nánar að þessar kröfur gilda einnig um kerfi fyrir rýmkaða ábyrgð framleiðanda sem komið er á fót samkvæmt öðrum lagagerðum Sambandsins, einkum tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2000/53/EB ⁽²⁾, 2006/66/EB ⁽³⁾ og 2012/19/ESB ⁽⁴⁾, til viðbótar við þær kröfur sem þegar er mælt fyrir um í þeim, nema annað sé tekið skýrt fram. Nauðsynlegt er að gera greinarmun milli þessara almennu lágmarkskrafna sem gilda um öll kerfi og þeirra sem gilda einungis um fyrirtæki/stofnanir sem koma skuldbindingum í tengslum við rýmkaða ábyrgð framleiðanda í framkvæmd fyrir hönd framleiðenda vara. Almennar lágmarkskröfur í kerfum fyrir rýmkaða ábyrgð framleiðanda gilda ekki um kerfi sem uppfylla ekki skilgreininguna um kerfi fyrir rýmkaða ábyrgð framleiðanda nema aðildarríkin ákveði annað.
- 22) Almennar lágmarkskröfur ættu að minnka kostnað og efla afkastagetu sem og að tryggja jöfn samkeppnisskilyrði, þ.m.t. fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki og rafræn verslunarfyrirtæki, og sneiða hjá hindrunum fyrir snurðulausa starfsemi innri markaðarins. Þær ættu einnig að stuðla að því að kostnaður við úr sér gengnar vörur sé felldur inn í vöruverðið og hvetja til þess að framleiðendur, þegar þeir hanna vörur sínar, taki meira tillit til endurvinnanleika, endurnotanleika, möguleika á viðgerðum og þess hvort hættuleg efni eru fyrir hendi. Þessar kröfur ættu í heildina að bæta stjórnunarhætti og gagnsæi í kerfum fyrir rýmkaða ábyrgð framleiðanda og draga úr möguleikum á að hagsmunaárekstrar komi upp milli

⁽¹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1013/2006 frá 14. júní 2006 um tilflutning úrgangs (Stjtið. ESB L 190, 12.7.2006, bls. 1).

⁽²⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/53/EB frá 18. september 2000 um úr sér gengin ökutæki (Stjtið. EB L 269, 21.10.2000, bls. 34).

⁽³⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/66/EB frá 6. september 2006 um rafhlöður og rafgeyma og notaðar rafhlöður og rafgeyma og um niðurfellingu tilskipunar 91/157/EBE (Stjtið. ESB L 266, 26.9.2006, bls. 1).

⁽⁴⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2012/19/ESB frá 4. júlí 2012 um raf- og rafeindabúnaðarúrgang (Stjtið. ESB L 197, 24.7.2012, bls. 38).

fyrirtækja/stofnana, sem koma skuldbindingum í tengslum við rýmkaða ábyrgð framleiðanda í framkvæmd fyrir hönd framleiðenda vara, og úrgangsrekstraraðila sem þessi fyrirtæki/stofnanir gera samninga við. Kröfurnar ættu bæði að gilda um ný kerfi fyrir rýmkaða ábyrgð framleiðanda og kerfi sem fyrir eru. Á hinn bóginn er umbreytingartímabil nauðsynlegt fyrir þau kerfi fyrir rýmkaða ábyrgð framleiðanda sem fyrir eru til að laga uppbyggingu þeirra og málsmeðferðarreglur að nýju kröfunum.

- 23) Opinber yfirvöld gegna mikilvægu hlutverki við að skipuleggja söfnun heimilis- og rekstrarúrgangs og meðhöndlun og tengd samskipti við borgarana. Ákvæði sem varða fjárhagslega ábyrgð framleiðenda vara, sem eru innleidd sem hluti af almennum lágmarkskröfum fyrir kerfi fyrir rýmkaða ábyrgð framleiðanda, ættu að gilda með fyrirvara um hæfi opinberra yfirvalda að því er varðar söfnun og meðhöndlun heimilis- og rekstrarúrgangs.
- 24) Í tilvikum þar sem opinber yfirvöld bera ábyrgð á að skipuleggja rekstrarlega þætti við stjórnun úrgangs frá vörum sem falla undir kerfi fyrir rýmkaða ábyrgð framleiðanda ætti að veita þessa þjónustu á kostnaðarhagkvæman hátt og fjárhagsleg ábyrgð framleiðenda vara ætti ekki að fara yfir þann kostnað sem er nauðsynlegur til að veita þessa þjónustu. Slíkan kostnað ættu hlutaðeigandi aðilar að ákvarða á gagnsæjan hátt sín á milli, þ.m.t. framleiðendur vara, fyrirtæki/stofnanir þeirra og opinber yfirvöld.
- 25) Til að tryggja viðeigandi úrgangsstjórnun þar sem framleiðendur vara, eða fyrirtæki/stofnanir sem koma skuldbindingum um rýmkaða ábyrgð framleiðanda í framkvæmd fyrir þeirra hönd, eru ábyrgir fyrir stjórnun úrgangs frá þeim vörum sem þeir setja á markað ættu þeir að tryggja samfellu í úrgangsstjórnunarþjónustu yfir allt árið jafnvel þótt sértæk og almenn markmið þar að lútandi séu uppfyllt. Þeir ættu ekki heldur að takmarka þessa þjónustu, með tilliti til landfræðilegs umfangs, vöru og efniviðar, við svæði þar sem söfnun og stjórnun úrgangs er arðbærust.
- 26) Framleiðendur vara ættu að standa undir þeim kostnaði sem er nauðsynlegur til að ná úrgangsstjórnunarmarkmiðum og öðrum sértækum og almennum markmiðum, þ.m.t. um forvarnir gegn myndun úrgangs, sem eru skilgreind í tengslum við viðkomandi kerfi fyrir rýmkaða ábyrgð framleiðanda. Unnt er að deila þessum kostnaði, samkvæmt ströngum skilyrðum, með upphaflegum framleiðendum eða dreifingaraðilum úrgangs í rökstuddum tilvikum sem varða þörf á að tryggja viðeigandi úrgangsstjórnun og fjárhagslegt rekstrarhæfi kerfisins fyrir rýmkaða ábyrgð framleiðanda.
- 27) Framkvæmdastjórnin ætti að samþykkja viðmiðunarreglur um tilfærslu fjárframlaga frá framleiðendum vara yfir í kerfi fyrir rýmkaða ábyrgð framleiðanda í því skyni að aðstoða aðildarríkin við framkvæmd þessarar tilskipunar til að stuðla að starfsemi innri markaðarins. Til að tryggja samræmi á innri markaðinum ætti framkvæmdastjórnin að geta samþykkt samræmdar viðmiðanir í þessum tilgangi með framkvæmdargerðum.
- 28) Viðurkenndir fulltrúar, sem eiga að uppfylla skuldbindingar framleiðanda vara í tengslum við rýmkaða ábyrgð framleiðanda, geta fallið undir kröfur sem gera aðildarríkinu sem yferráðasvæðið, þar sem þeir eru með staðfestu, tilheyrir kleift að vakta og sannreyna að farið sé að þessum skuldbindingum. Þessar kröfur ættu þó ekki að ganga lengra en þær kröfur sem gilda um framleiðendur vara og fyrirtæki/stofnanir, sem koma skuldbindingum í tengslum við rýmkaða ábyrgð framleiðanda í framkvæmd fyrir þeirra hönd, sem eru með staðfestu í því aðildarríki.
- 29) Forvarnir gegn myndun úrgangs eru skilvirkasta leiðin til að bæta auðlindanýtni og minnka umhverfisáhrif úrgangs. Þess vegna er nauðsynlegt að aðildarríkin geri viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir myndun úrgangs og vakta og meta framvindu við framkvæmd slíkra ráðstafana. Sem hluta af slíkum ráðstöfunum ættu aðildarríkin að stuðla að nýstárlegum framleiðslu-, viðskipta- og neyslulíkönum sem draga úr tilvist hættulegra efna í efniviðum og vörum, sem hvetja til lengingar á endingartíma vara og sem stuðla að endurnotkun, þ.m.t. með því að koma á og styðja við endurnotkunar- og viðgerðakerfi, s.s. þau sem fyrirtæki í félagslega hagkerfinu reka, skilagjaldskerfi og enduráyllingar-skilakerfi (e. *return-refill scheme*) og með því að hvetja til endurframleiðslu og endurbóta á vörum og, eftir því sem við á, að taka vörur til annarra nota sem og að deila verkvöngum. Til að tryggja samræmda mælingu á framvindu í heild sinni við framkvæmd ráðstafana vegna forvarna gegn myndun úrgangs ætti að fastsetja sameiginlega vísa og markmið.

- 30) Efling sjálfbærni við framleiðslu og neyslu getur stuðlað verulega að forvörnum gegn myndun úrgangs. Aðildarríkin ættu að gera ráðstafanir til að vekja athygli neytenda á þessu framlagi og hvetja þá til að taka virkari þátt til að bæta auðlindanýtni. Sem hluta af ráðstöfunum til að draga úr myndun úrgangs ættu aðildarríkin að taka með samfelld samskipti og framtaksverkefni í menntun í því skyni að auka vitund um málefni sem varða forvarnir gegn myndun úrgangs og dreifingu á rusli og þær geta falið í sér notkun á skilgjaldskerfum og að fastsetja meginleg markmið og kveða á um, eins og við á, fullnægjandi efnahagshvata fyrir framleiðendur.
- 31) Aðildarríkin ættu að gera ráðstafanir til að stuðla að því að koma í veg fyrir og draga úr matarsóun í samræmi við Áætlun um sjálfbæra þróun árið 2030, sem samþykkt var á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna 25. september 2015, einkum markmið hennar um að eigi síðar en árið 2030 hafi sóun matvæla á smásölu- og neytendastigi minnkað um heim allan um helming á hvern einstakling og dregið hafi úr glötuðum matvælum í framleiðslu- og birgðakeðjum, þar með talinn missir eftir uppskeru. Þessar ráðstafanir ættu að miða að því að koma í veg fyrir og draga úr matarsóun í frumframleiðslu, vinnslu og framleiðslu, á smásölustigi og í annarri dreifingu matvæla, á veitingahúsum og í matsölu sem og á heimilum. Í því skyni að stuðla að og tryggja að aðildarríkin séu á áætlun í átt til þess að ná markmiði Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun ættu þau að miða að því að ná leiðbeinandi markmiði í öllu Sambandinu um að minnka matarsóun um 30% eigi síðar en 2025 og um 50% eigi síðar en 2030. Aðildarríkin ættu að koma á sértekum ráðstöfunum vegna forvarna gegn myndun matarúrgangs í áætlunum sínum um forvarnir gegn myndun úrgangs, með hliðsjón af umhverfislegum, félagslegum og efnahagslegum ávinningi af því að koma í veg fyrir matarsóun, þ.m.t. herferðir til vitundarvakningar til að sýna fram á hvernig eigi að koma í veg fyrir matarsóun. Aðildarríkin ættu að mæla framfarir sem orðið hafa við að draga úr matarsóun. Til að mæla þessar framfarir og til að stuðla að gagnkvæmri miðlun góðra starfsvenja í öllu Sambandinu, bæði milli aðildarríkjanna og milli stjórnenda matvælafyrirtækja, ætti að koma á sameiginlegri aðferðafræði fyrir slíka mælingu. Skýrslugjöf um magn matarúrgangs ætti að eiga sér stað árlega, byggt á þessari aðferðafræði.
- 32) Til að koma í veg fyrir matarsóun ættu aðildarríkin að hvetja til þess að óseldum matvælum sé safnað saman á öllum stigum matvælakeðjunnar og endurúthlutað á öruggan hátt, þ.m.t. til góðgerðarsamtaka. Einnig ætti að bæta vitund neytenda, að því er varðar merkingu hugtakanna „síðasti neysludagur“ og „best fyrir“, til að draga úr matarsóun.
- 33) Rusl, hvort sem er í borgum, á landi, í ám og höfum, eða annars staðar, hefur bein og óbein skaðleg áhrif á umhverfið, vellíðan borgaranna og hagkerfið og kostnaður við að þrifa það upp leggur óþarfa efnahagslega byrði á samfélagið. Aðildarríkin ættu að gera ráðstafanir sem miða að því að koma í veg fyrir að úrgangur sé skilinn eftir, hann losaður án eftirlits, að stjórnun hans sé eftirlitslaus eða að honum sé hent á annan hátt. Aðildarríkin ættu einnig að gera ráðstafanir til að hreinsa upp rusl sem er fyrir hendi í umhverfinu, óháð uppruna þess eða stærð og án tillits til þess hvort ruslinu var hent viljandi eða af gáleysi. Ráðstafanir til að koma í veg fyrir og draga úr rusli frá vörum sem eru helsta uppspretta dreifingar á rusli í náttúrulegu umhverfi og sjávarumhverfi gætu m.a. samanstðið af umbótum á grunnvirkjum úrgangsstjórnunar og starfsháttum, efnahagslegum stjórntækjum og herferðum til vitundarvakningar. Þegar aðildarríkin taka til athugunar ráðstöfun sem hefur hamlandi áhrif á viðskipti innan Sambandsins ættu þau að geta sýnt fram á að umrædd ráðstöfun sé fullnægjandi til að ná markmiðinu um að koma í veg fyrir og draga úr dreifingu á rusli í náttúrulegu umhverfi og sjávarumhverfi, gangi ekki lengra en nauðsynlegt er til að ná því markmiði og leiði ekki til handahófskenndrar mismununar eða dulinna hamla á viðskipti milli aðildarríkjanna.
- 34) Baráttan gegn rusli ætti að vera sameiginleg viðleitni lögbærri yfirvalda, framleiðenda og neytenda. Hvetja ætti neytendur til að breyta hegðun sinni, þ.m.t. með fræðslu og herferðum til vitundarvakningar, en framleiðendur ættu að stuðla að sjálfbærri nýtingu á vörum sínum og ýta undir víðeigandi meðhöndlun á úr sér gengnum vörum.
- 35) Rusl í sjávarumhverfinu er sérlega aðkallandi vandamál og aðildarríkin ættu að gera ráðstafanir sem miða að því að stöðva myndun rusls í sjó í Sambandinu og stuðla þar með að markmiði áætlunar um sjálfbæra þróun árið 2030, sem samþykkt var á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna 25. september 2015, um að koma í veg fyrir og draga verulega úr sjávarmengun af öllu tagi, eigi síðar en 2025, einkum frá starfsemi á landi, þ.m.t. leifar í sjó og næringarefnamengun. Þar eð rusl í sjó, einkum plastúrgangur, stafar að miklu leyti frá starfsemi á landi og er aðallega af völdum lélegra starfsvenja og grunnvirkja við stjórnun á föstum úrgangi, að borgararnir dreifa rusli og að skortur er á vitund almennings ætti að mæla fyrir um sértekar ráðstafanir í áætlunum um forvarnir gegn myndun úrgangs og úrgangsstjórnunar-áætlunum. Þessar ráðstafanir ættu að stuðla að því markmiði að ná góðri umhverfislegri stöðu í sjávarumhverfinu eigi

síðar en 2020 eins og mælt er fyrir um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/56/EB ⁽¹⁾. Í samræmi við þá tilskipun er þess krafist að aðildarríkin fastsetji sértækar stefnuáætlanir og ráðstafanir og uppfæri þær á sex ára fresti. Einnig er gerð sú krafa að þau gefi reglulega skýrslur, frá og með 2018, um framfarir við að viðhalda eða ná markmiðinu um góða umhverfislega stöðu. Þess vegna ætti að samræma ráðstafanirnar í tilskipun 2008/98/EB um að taka á rusli við þær ráðstafanir sem krafist er samkvæmt tilskipun 2008/56/EB og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB ⁽²⁾.

- 36) Tiltekin hráefni eru afar þýðingarmikil fyrir hagkerfi Sambandsins og afhendingu þeirra fylgir mikil áhætta. Til að tryggja afhendingaröryggi þessara hráefna og í samræmi við framtaksverkefnið á sviði hráefna sem framkvæmdastjórnin kom á fót með orðsendingu sinni frá 4. nóvember 2008 „Framtaksverkefni á sviði hráefna — uppfyljum brýna þörf okkar fyrir vöxt og störf í Evrópu“ og almenn og sértæk markmið evrópska samstarfsverkefnisins um nýsköpun á sviði hráefna ættu aðildarríkin að gera ráðstafanir til að stuðla að endurnotkun vara sem eru helsta uppspretta þýðingarmikilla hráefna til að koma í veg fyrir að þessi efniviður verði að úrgangi. Í tengslum við þetta tók framkvæmdastjórnin saman skrá yfir slíka efniviði fyrir Sambandið í orðsendingu sinni frá 13. september 2017: „skrá yfir þýðingarmikil hráefni fyrir ESB 2017“ og sú skrá er endurskoðuð reglulega.
- 37) Til að styrkja skilvirka framkvæmd framtaksverkefnisins á sviði hráefna enn frekar ættu aðildarríkin einnig að gera ráðstafanir til að ná sem bestri mögulegri stjórnun á úrgangi, sem inniheldur umtalsvert magn af þýðingarmiklum hráefnum, að teknu tilliti til efnahagslegrar og tæknilegrar hagkvæmni og ávinnings fyrir umhverfi og heilbrigði. Þau ættu einnig að tiltaka í úrgangsstjórnunaráætlunum sínum viðeigandi landsráðstafanir er varða söfnun, flokkun og endurnýtingu úrgangs sem inniheldur umtalsvert magn af þessum hráefnum. Ráðstafanirnar ættu að koma fram í úrgangsstjórnunaráætlunum þegar þær eru uppfærðar í fyrsta skipti eftir að þessi tilskipun öðlast gildi. Framkvæmdastjórnin ætti að veita upplýsingar um viðkomandi vöruflokka og úrgangsstrauma á vettvangi Sambandsins. Tilhögun þessarar upplýsingamiðlunar kemur þó ekki í veg fyrir að aðildarríkin geri ráðstafanir varðandi önnur hráefni sem eru talin jafn mikilvæg fyrir þjóðarbúskap þeirra.
- 38) Þegar vörur, efniviðir og efni verða að úrgangi getur tilvist hættulegra efna gert þennan úrgang óhæfan til endurvinnslu eða til framleiðslu á endurunnum hráefnum af miklum gæðum. Í samræmi við 7. aðgerðaáætlun á sviði umhverfismála, þar sem kallað er eftir þróun á óeirtruðum efniviðarhringrásum, er því nauðsynlegt að stuðla að ráðstöfunum til að minnka innihald hættulegra efna í efniviðum og vörum, þ.m.t. endurunnum efniviðum, og til að tryggja að fullnægjandi upplýsingum um tilvist hættulegra efna og þá einkum sérlega varasamra efna sé komið á framfæri allan vistferil vara og efniviða. Til að ná þessum markmiðum er nauðsynlegt að bæta samræmið milli laga Sambandsins um úrgang, um íðefni og um vörur og að Efnastofnun Evrópu fái hlutverk til að tryggja að upplýsingar um tilvist sérlega varasamra efna séu tiltækar allan vistferil vara og efniviða, þ.m.t. á úrgangsskeiði.
- 39) Bætt notkun auðlinda gæti einnig þýtt umtalsverðan hreinan sparnað fyrir fyrirtæki, opinber yfirvöld og neytendur í Sambandinu um leið og dregið er úr árlegri heildarlosun gróðurhúsalofttegunda. Af þessum sökum ætti framkvæmdastjórnin að leggja til, eigi síðar en í lok ársins 2018, helstu vísa og töflu með undirmælikvörðum um auðlindanýtni til að vakta framfarir í áttina að því markmiði að auka auðlindanýtni á vettvangi Sambandsins.
- 40) Með því að hlúa að sjálfbærni lífhagkerfi er hægt að stuðla að því að draga úr þörf Sambandsins fyrir innflutt hráefni. Lífgrundaðar, endurvinnanlegar vörur og myltanlegar lífbrjótanlegar vörur gætu því verið tækifæri til að örva enn frekari rannsóknir og nýsköpun og skipta hráefni, sem byggist á jarðefnaeldsneyti, út fyrir endurnýjanlegar auðlindir.
- 41) Til að komast hjá úrgangsmeðhöndlun sem er þannig að auðlindir sitja fastar á neðra þrepi úrgangsmetakerfisins, auka undirbúning fyrir endurnotkun og endurvinnsluhlutfall, gera endurvinnslu í háum gæðaflokki mögulega og efla upptöku enduruninna gæðahráefna ættu aðildarríkin að tryggja aukna fylgni við þá skyldu að safna úrgangi sérstaklega, eins og mælt er fyrir um í 2. mgr. 10. gr. og 1. mgr. 11. gr. tilskipunar 2008/98/EB, þ.m.t. sú skylda að koma upp sérstakri söfnun á a.m.k. pappírs-, málm-, plast- og glerúrgangi, sem aðildarríkin þurftu að uppfylla eigi síðar en 2015, og þau

⁽¹⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/56/EB frá 17. júní 2008 um ramma um aðgerðir Bandalagsins varðandi stefnu í sjávarumhverfismálum (haftilskipunin) (Stjtið. ESB L 164, 25.6.2008, bls. 19).

⁽²⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB frá 23. október 2000 um aðgerðaramma Bandalagsins um stefnu í vatnsmálum (Stjtið. EB L 327, 22.12.2000, bls. 1).

ættu að innleiða sérstaka söfnun á lífúrgangi, hættulegum úrgangi frá heimilum og textílúrgangi. Eftir því sem við á ætti hættulegur lífúrgangur og umbúðaúrgangur, sem inniheldur hættuleg efni, að falla undir sérstakar kröfur um söfnun.

- 42) Sérstök söfnun gæti náðst með söfnun frá dyrum til dyra, afhendingar- og móttökukerfum eða öðru söfnunarfyrikomulagi. Þó að sú skylda að safna úrgangi sérstaklega úr heimti að úrgangur sé geymdur aðskilinn eftir tegund hans og eðli ætti að vera mögulegt að safna tilteknum tegundum úrgangs saman, að því tilskildu að þetta hamli ekki endurvinnslu í háum gæðaflokki eða annarri endurnýtingu úrgangsins í samræmi við úrgangsmetakerfið. Aðildarríkjunum ætti einnig að vera heimilt að víkja frá almennu skyldunni um sérstaka söfnun úrgangs í öðrum tilhlýðilega rökstuddum tilvikum, t.d. þegar sérstök söfnun tiltekinna úrgangsstrauma á afskekktum og strjálbýlum svæðum veldur neikvæðum umhverfisáhrifum sem vega þyngra en heildarávinningur fyrir umhverfið eða hefur í för með sér óhóflegan efnahagslegan kostnað. Þegar sérhvert tilvik, þar sem efnahagslegur kostnaður getur verið óhóflegur, er metið ættu aðildarríkin að taka tillit til efnahagslegs heildarávinnings af sérstakri söfnun, þ.m.t. með tilliti til beins kostnaðar sem komist er hjá og kostnaðar við skaðleg áhrif á umhverfi og heilbrigði sem tengjast söfnun og meðhöndlun á blönduðum úrgangi, tekna af sölu endurunnsins hráefnis og möguleika á að þróa markaði fyrir slíka efniviði sem og framlaga framleiðenda úrgangs og framleiðenda vara sem gætu bætt kostnaðarhagkvæmni úrgangsstjórnunarferfa enn frekar.
- 43) Fjölga ætti markmiðum til að undirbúa endurnotkun og endurvinnslu á heimilis- og rekstrarúrgangi til að það skili verulegum umhverfislegum, efnahagslegum og félagslegum ávinningi og hraði skiptum yfir í hringrásarhagkerfi.
- 44) Tryggja ætti með stigvaxandi fjölgun núverandi markmiða um að undirbúa endurnotkun og endurvinnslu heimilis- og rekstrarúrgangs að efnahagslega verðmæt úrgangsefni séu undirbúin á skilvirkan hátt til endurnotkunar eða endurunnsinn en tryggja um leið öfluga vernd fyrir heilbrigði manna og umhverfið og að efnahagslega verðmætum efniviðum, sem finnast í úrgangi, sé veitt aftur inn í evrópska hagkerfið og stuðla þar með að framsókn framtaksverkefnisins á sviði hráefna og að til verði hringrásarhagkerfi.
- 45) Mikill munur er fyrir hendi milli aðildarríkjanna að því er varðar frammistöðu þeirra við úrgangsstjórnun, einkum að því er varðar endurvinnslu heimilis- og rekstrarúrgangs. Til að taka tillit til þessa munar ætti þeim aðildarríkjum sem bjuggu sig undir endurnotkun og endurunnu innan við 20% af heimilis- og rekstrarúrgangi sínum eða urðuðu meira en 60% af heimilis- og rekstrarúrgangi sínum á árinu 2013, samkvæmt gögnum sem voru tilgreind í sameiginlegum spurningalista Efnahags- og framfarastofnunarinnar og Hagstofu Evrópusambandsins, að vera heimilt að ákveða að framlengja tímam til að fara að markmiðunum um endurnotkun og endurvinnslu sem voru ákveðin fyrir 2025, 2030 og 2035. Í ljósi þess árlega meðaltalshlutfalls framfara sem kom í ljós í aðildarríkjunum á næstliðnum 15 árum þyrftu þessi aðildarríki að auka endurvinnslugetu sína í hlutfall sem er verulega yfir fyrri meðaltölum til að uppfylla þessi markmið. Til að tryggja að það verði stöðugar framfarir í áttina að þessum markmiðum og að brugðist sé tímanlega við gloppum í framkvæmd ættu aðildarríki, sem nýta viðbótartíma, að uppfylla bráðabirgðamarkmið og koma á framkvæmdaáætlun á grundvelli ítarlegra viðmiðana.
- 46) Til að tryggja áreiðanleika gagna er mikilvægt að mæla á nákvæmari hátt fyrir um þær reglur sem aðildarríkin eiga að fara eftir við að greina frá því hvað er í raun endurnið og undirbúið fyrir endurnotkun og getur talist með sem hluti af því að ná markmiðunum. Byggja ætti útreikninga á endurvinnslumarkmiðum á þyngd heimilis- og rekstrarúrgangs sem fer til endurvinnslu. Almenna reglan ætti að vera sú að raunmæling á þyngd heimilis- og rekstrarúrgangs, sem telst vera endurunnsinn, sé gerð á þeim stað þar sem heimilis- og rekstrarúrgangurinn kemur inn í endurvinnsluferlið. Engu að síður ættu aðildarríki, í því skyni að takmarka stjórnsýslubyrði, gegn ströngum skilyrðum og með undanþágu frá almennu reglunni, að mega ákvarða þyngd heimilis- og rekstrarúrgangs sem er endurunnsinn á grundvelli þess að mæla frálág flokkunarstarfsemi. Efnistap sem verður áður en úrgangurinn kemur inn í endurvinnsluferlið, til dæmis vegna flokkunar eða annarra undirbúningsaðgerða, ætti ekki að vera innifalið í því magni úrgangs sem tilkynnt er sem endurunnsinn. Hægt er að ákvarða þetta tap á grundvelli rafrænnar skráningar, tækniforskrifta, ítarlegra reglna um útreikninga á meðaltapi ýmissa úrgangsstrauma eða annarra jafngildra aðferða. Aðildarríkin ættu að tilkynna um slíkar ráðstafanir í skýrslum um gæðakönnun sem fylgja gögnum um endurvinnslu úrgangs sem þau gefa framkvæmdastjórninni skýrslu um. Helst ætti að ákvarða meðaltap á vettvangi einstakra flokkunarstöðva og ætti að tengja það við

mismunandi megintegundir úrgangs, mismunandi uppruna (s.s. heimili eða verslun), mismunandi söfnunarkerfi og mismunandi tegundir flokkunaraðferða. Aðeins ætti að nota meðaltap þegar engin önnur áreiðanleg gögn eru tiltæk, einkum í tengslum við tilflutning og útflutning úrgangs. Ekki ætti að draga tap á þyngd efniviðar eða efna vegna eðlislægrar eða efnafræðilegrar umbreytingar, sem er innbyggð í endurvinnsluferlið þar sem úrgangsefni eru í reynd endurunnin í vörur, efnivið eða efni, frá þyngd úrgangsins sem tilkynnt er að sé endurunnin.

- 47) Eftir að skilgreiningarnar í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/62/EB⁽¹⁾, tilskipun 2000/53/EB, tilskipun 2006/66/EB, tilskipun 2008/98/EB og tilskipun 2012/19/ESB hafa verið aðlagðar er ekki lengur þörf á ákvæðinu í 6. gr. tilskipunar 2008/98/EB um að líta á úrgang, sem hættir að vera úrgangur, í tengslum við endurnýtingar- og endurvinnslumarkmiðin sem eru fastsett í þessum tilskipunum. Efniviðir, sem hætta að vera úrgangur vegna endurheimtar- eða endurvinnslustarfsemi, eiga að teljast með við að ná viðkomandi endurheimtar- eða endurvinnslumarkmiðum, sem eru fastsett í þessum tilskipunum, í samræmi við viðeigandi reikniáðferðir. Ef úrgangsefni hætta að vera úrgangur eftir undirbúningsaðgerð áður en þau eru í reynd endurunnin er hægt að telja slíka efniviði sem endurunna að því tilskildu að þeim sé ætlað að fara síðar í uppvinnslu í vörur, efniviði eða efni, hvort sem það er til upphaflegra nota eða annars. Ekki ætti að telja efniviði, sem hætta að vera úrgangur, sem á að nota sem eldsneyti eða á annan hátt til að framleiða orku, sem eru notaðir til fyllingar eða fargað eða sem á að nota í hvers konar aðgerð sem hefur sama tilgang og endurnýting úrgangs, önnur en undirbúningur fyrir endurnotkun og endurvinnslu, sem hluta af því að ná endurvinnslumarkmiðunum.
- 48) Þegar útreikningum á endurvinnsluhlutfalli er beitt á loftháða eða loftfirrða meðhöndlun á lífbrjótanlegum úrgangi má telja magn úrgangs sem fer í loftháða eða loftfirrða meðhöndlun sem endurunnið að því tilskildu að slík meðhöndlun framleiði frálág sem notað verður sem endurunnin vara, efniviður eða efni. Þó að frálág frá slíkri meðhöndlun sé oftast mylta eða melta ætti einnig að taka tillit til annars frálags að því tilskildu að það innihaldi sambærilegt magn af endurunnu efni í tengslum við magn af meðhöndluðum lífbrjótanlegum úrgangi. Í öðrum tilvikum, í samræmi við skilgreininguna á endurvinnslu, ætti uppvinnsla á lífbrjótanlegum úrgangi í efnivið sem nota á sem eldsneyti eða á annan hátt til að framleiða orku, sem er fargað, eða sem notaður er í hvers konar aðgerð sem hefur sama tilgang og endurnýting úrgangs, önnur en undirbúningur fyrir endurnotkun og endurvinnslu, ekki að teljast hluti af því að ná endurvinnslumarkmiðunum.
- 49) Í þeim tilgangi að reikna út hvort markmiðum um undirbúning fyrir endurnotkun og endurvinnslu er náð ættu aðildarríkin að geta tekið tillit til endurvinnslu á málum sem eru aðskildir eftir brennslu heimilis- og rekstrarúrgangs. Til að tryggja samræmdan útreikning á þessum gögnum ætti framkvæmdastjórnin að samþykkja ítarlegar reglur um gæðaviðmiðanir fyrir endurunna málma og um útreikninga, sannpröfun og skýrslugjöf um gögn.
- 50) Ef um er að ræða útflutning á úrgangi frá Sambandinu til undirbúnings fyrir endurnýtingu eða endurvinnslu ættu aðildarríkin að nýta skoðunarheimildirnar, sem kveðið er á um í 4. mgr. c í 50. gr. reglugerðar (EB) nr. 1013/2006, með skilvirkum hætti til að krefjast skjalfestrar sönnunar til að ganga úr skugga um hvort sending er ætluð til endurnýtingaraðgerða sem eru í samræmi við 49. gr. þeirrar reglugerðar og þar með stjórnað á umhverfisvænan hátt í starfsstöð sem er rekin í samræmi við heilbrigðis- og umhverfisverndarstaðla sem eru í stórum dráttum jafngildir stöðlum sem eru fastsettir í löggjöf Sambandsins. Við framkvæmd á því verki gætu aðildarríkin átt samstarf við aðra viðkomandi aðila, s.s. lögbær yfirvöld í viðtökulandinu, óháða þriðju sannpröfunaraðila eða -stofnanir, sem koma skuldbindingum um rýmkaða ábyrgð framleiðanda í framkvæmd fyrir hönd framleiðenda vara sem komið er á fót samkvæmt kerfum um rýmkaða ábyrgð framleiðanda, sem gætu framkvæmt efnislegar prófanir og aðrar prófanir á starfsstöðvum í þriðju löndum. Í skýrslu um gæðakönnun sem fylgir gögnum um árangur við að ná markmiðunum ættu aðildarríkin að gefa skýrslu um ráðstafanir til að framkvæma skuldbindingarnar til að tryggja að úrgangur sem fluttur er út frá Sambandinu sé í stórum dráttum meðhöndlaður við jafngild skilyrði og krafist er samkvæmt viðkomandi umhverfislöggjöf Sambandsins.
- 51) Til að tryggja betri, tímanlegri og samræmdari framkvæmd þessarar tilskipunar og sjá fyrir hvers konar veikleika í framkvæmd ætti að koma á fót kerfi fyrir snemmvíðvöruskýrslur til að greina annmarka og gera það kleift að grípa til aðgerða áður en fresturinn til að uppfylla markmiðin rennur út.
- 52) Úrgangur frá iðnaði, tiltekinn hluti úrgangs frá verslun og úrgangur frá námuvinnslu er sérlega fjölbreyttur með tilliti til samsetningar og umfangs og mjög mismunandi með hliðsjón af efnahagslegri skipan í aðildarríki, skipan iðnaðar- eða verslunargeirans þar sem úrgangurinn fellur til og þéttleika iðnaðar eða atvinnustarfsemi á tilteknu landfræðilegu svæði. Af þessum ástæðum hefur verið litið til iðnaðarmiðaðrar lausnar þar sem notuð eru tilvísunarskjöl um bestu fánlegu tækni og svipaðir gerningar til að fjalla um sértæk atriði, sem tengjast stjórnun á tiltekinni tegund úrgangs, sem hentuga lausn fyrir flestallan úrgang frá iðnaði og námuvinnslu. Þó ætti umbúðaúrgangur frá iðnaði og verslun að falla áfram

(1) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/62/EB frá 20. desember 1994 um umbúðir og umbúðaúrgang (Stj. tíð. EB L 365, 31.12.1994, bls. 10).

- undir kröfurnar í tilskipunum 94/62/EB og 2008/98/EB, þ.m.t. umbætur á þeim eftir því sem við á. Með það fyrir augum að kanna enn frekar þann möguleika að auka undirbúning á úrgangi frá verslun, hættulausum úrgangi frá iðnaði og öðrum lykilúrgangsstraumum fyrir endurnotkun og endurvinnslu ætti framkvæmdastjórnin að íhuga að setja markmið fyrir þessa úrgangsstrauma.
- 53) Með það fyrir augum að tryggja að markmiðin í lögum Sambandsins um úrgang séu uppfyllt áfram er mikilvægt að framkvæmdastjórnin endurskoði förgunaraðgerðirnar sem eru tilgreindar í I. viðauka við tilskipun 2008/98/EB. Þessa endurskoðun ætti að framkvæma í ljósi 13. gr. þeirrar tilskipunar en taka um leið tillit til upplýsinga sem skipta máli, s.s. þróunar á alþjóðavettvangi, einkum í tengslum við Basel-samninginn frá 22. mars 1989 um eftirlit með flutningi spilliefna milli landa og förgun þeirra ⁽¹⁾.
- 54) Hættulegum úrgangi frá heimilum, s.s. hættulegum úrgangi frá málningu, lökkum, leysum eða hreingerningavörum, ætti einnig að safna sérstaklega til að komast hjá því að heimilis- og rekstrarúrgangur mengist af hættulegum hlutum úrgangs sem gætu minnkað endurvinnslugæðin og til að tryggja umhverfisvæna stjórnun þessa hættulega úrgangs. Að því er þetta varðar eru sérstakar skuldbindingar um söfnun þegar fyrir hendi að því er varðar raf- og rafeindabúnaðarúrgang og notaðar rafhlöður og rafgeyma frá heimilum.
- 55) Sérstök söfnun olíuúrgangs og að koma í veg fyrir að hann blandist annars konar úrgangi eða efnum er nauðsynlegt til að tryggja að meðhöndlun hans skili bestu heildarniðurstöðunni fyrir umhverfið. Við meðhöndlun olíuúrgangs ætti að setja endurmyndun í forgang eða, að öðrum kosti, aðrar endurvinnsluaðgerðir sem skila jafngildri eða betri heildarniðurstöðu fyrir umhverfið en endurmyndun. Með það fyrir augum að bæta enn frekar stjórnun olíuúrgangs ætti framkvæmdastjórnin að taka til athugunar og, ef við á, koma með tillögur um ráðstafanir til að bæta meðhöndlun olíuúrgangs, þ.m.t. megindleg markmið um endurmyndun hans. Við þessa yfirferð ætti að gefa gaum að meðhöndlunarmöguleikum varðandi endurmyndun olíuúrgangs sem og að gæðum og endanlegri notkun endurmyndaðra og endurunninna vara.
- 56) Til að komast hjá meðhöndlun úrgangs sem er þannig að auðlindir sitja fastar á neðra þrepi úrgangsmetakerfisins, til að gera endurvinnslu í háum gæðaflokki mögulega og til að efla upptöku endurunninna gæðahráefna ættu aðildarríkin að tryggja að lífúrgangi sé safnað sérstaklega og fari í gegnum endurvinnslu á þann hátt að það samræmist öflugri umhverfisvernd og að frálagið uppfylli viðeigandi hágæðakröfur.
- 57) Með þessari tilskipun eru sett langtímamarkmið fyrir úrgangsstjórnun Sambandsins ásamt skýrri stefnu fyrir rekstraraðila og aðildarríkin varðandi fjárfestingar sem eru nauðsynlegar til að ná þessum markmiðum. Við þróun á landsbundnum úrgangsstjórnunaráætlunum og skipulag fjárfestinga í grunnvirkjum úrgangsstjórnunar ættu aðildarríkin að meta og taka tillit til nauðsynlegra fjárfestinga og annarra fjármögnunarleiða, þ.m.t. fyrir staðaryfirvöld. Þetta mat ætti að vera með í úrgangsstjórnunaráætluninni eða öðrum áætlunarskjölum. Í því samhengi ættu aðildarríkin að nýta fjárfestingar með skynsamlegum hætti, þ.m.t. með sjóðum Sambandsins, með því að setja forvarnir í forgang, þ.m.t. endurnotkun og undirbúningur fyrir endurnotkun og endurvinnslu, í samræmi við úrgangsmetakerfið. Framkvæmdastjórnin ætti að aðstoða lögbær yfirvöld við að þróa skilvirkan fjárhagsramma, þ.m.t. með notkun á sjóðum Sambandsins eftir því sem við á, til að koma kröfunum í þessari tilskipun í framkvæmd í samræmi við úrgangsmetakerfið og til að styðja við nýsköpun í tækni og úrgangsstjórnun.
- 58) Tilhlýðileg stjórnun á hættulegum úrgangi er ennþá vandamál í Sambandinu og gögn um meðhöndlun hans vantar að hluta til. Þess vegna er nauðsynlegt að styrkja skráahald og rekjanleikabúnað með því að koma á fót rafrænum skrárum fyrir hættulegan úrgang í aðildarríkjunum. Rýmka ætti rafræna gagnasöfnun svo hún nái til annarra úrgangstegunda, eftir því sem við á, til að einfalda skráahald fyrir fyrirtæki og stjórnsýslustofnanir og bæta vöktun á flæði úrgangs í Sambandinu.
- 59) Framkvæmdaskýrslur sem aðildarríki útbúa á þriggja ára fresti hafa ekki reynst skilvirkt verkfæri til að sannreyna reglufylgni eða tryggja góða framkvæmd og leiða til óparfa stjórnsýsluálags. Því er rétt að fella úr gildi ákvæði sem skylda aðildarríki til að gera slíkar skýrslur. Þess í stað ætti eingöngu að byggja samræmisefirlit á gögnunum sem aðildarríki gefa framkvæmdastjórninni árlega skýrslu um.

(1) Stjtfð. EB L 39, 16.2.1993, bls. 3.

- 60) Gögn úr skýrslugjöf aðildarríkjanna eru nauðsynleg fyrir framkvæmdastjórnina til að meta reglufylgni aðildarríkjanna við lög Sambandsins um úrgang. Bæta ætti gæði, áreiðanleika og samanburðarhæfi gagna með því að innleiða einn inngöngustað fyrir öll gögn um úrgang, fella brott úreltar skýrslugjafarkröfur, setja viðmiðanir um landsbundna aðferðafræði við skýrslugjöf og innleiða skýrslu um eftirlit með gæðum gagna. Þegar aðildarríkin gefa skýrslur um árangur sinn við að ná markmiðunum sem sett eru fram í lagagerðum Sambandsins um úrgang ættu þau því að nota nýjustu reglurnar, sem framkvæmdastjórnin þróaði, og aðferðafræðina sem þróuð var af viðkomandi lögbærum landsyfirvöldum sem bera ábyrgð á framkvæmd þessarar tilskipunar.
- 61) Til að auðvelda fullnægjandi túlkun og framkvæmd krafanna sem settar eru fram í tilskipun 2008/98/EB er rétt að þróa og endurskoða reglulega viðmiðunarreglur varðandi þessar kröfur og til að tryggja skipti á upplýsingum og miðlun bestu starfsvenja milli aðildarríkjanna um framkvæmd þessara krafna í reynd og framfylgd þeirra. Slíkar viðmiðunarreglur, upplýsingaskipti og miðlun bestu starfsvenja ættu m.a. að stuðla að sameiginlegum skilningi og beitingu á skilgreiningunni á „úrgangi“ í reynd, þ.m.t. hugtakið „henda“, og þar ætti að taka tillit til hringrásarviðskiptalíkana þar sem t.d. efni eða hlutur er fluttur frá einum handhafa til annars án þess að ætlunin sé að henda efninu eða hlutnum.
- 62) Fela ætti framkvæmdastjórninni umboð til að samþykka gerðir í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins í því skyni að bæta við tilskipun 2008/98/EB eða breyta henni að því er varðar 7. gr. (1. mgr.), 9. gr. (8. mgr.), 11. gr. a (10. mgr.), 27. gr. (1. og 4. mgr.), 38. gr. (2. og 3. mgr.) þeirrar tilskipunar, eins og henni er breytt með þessari tilskipun. Einkum er mikilvægt að framkvæmdastjórnin hafi viðeigandi samráð meðan á undirbúningsvinnu hennar stendur, þ.m.t. við sérfræðinga, og að þetta samráð fari fram í samræmi við meginreglurnar sem mælt er fyrir um í samstarfssamningi milli stofnana um betri lagasetningu frá 13. apríl 2016 ⁽¹⁾. Til að tryggja jafna þátttöku við undirbúning framseldra gerða skal Evrópuþingið og ráðið taka við öllum skjölum á sama tíma og sérfræðingar aðildarríka og sérfræðingar þeirra hafa kerfisbundinn aðgang að fundum sérfræðingahópa framkvæmdastjórnarinnar sem vinna að undirbúningi framseldra gerða.
- 63) Til að tryggja samræmd skilyrði við framkvæmd tilskipunar 2008/98/EB ætti að veita framkvæmdastjórninni framkvæmdarvald að því er varðar 5. gr. (2. mgr.), 6. gr. (2. mgr.), 8. gr. (5. mgr.), 9. gr. (7. mgr.), 11. gr. a (9. mgr.), 33. gr. (2. mgr.), 35. gr. (5. mgr.) og 37. gr. (7. mgr.) hennar, eins og þeim er breytt með þessari tilskipun. Þessu valdi ætti að beita í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 ⁽²⁾.
- 64) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiðum þessarar tilskipunar, þ.e. að bæta úrgangsstjórnun í Sambandinu og stuðla þannig að því að vernda, varðveita og bæta gæði umhverfisins, heilbrigði hafanna og öryggi fiska og annarra sjávarafurða með því að minnka rusl í sjó og að náttúruauðlindir séu nýttar af varúð og skynsemi í gervöllu Sambandinu, og þeim verður betur náð á vettvangi Sambandsins vegna umfangs og áhrifa ráðstafananna, er Sambandinu heimilt að samþykka ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari tilskipun til að ná þessum markmiðum.
- 65) Því ætti að breyta tilskipun 2008/98/EB til samræmis við það.
- 66) Í samræmi við sameiginlega pólitíska yfirlýsingu aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar frá 28. september 2011 um skýringaskjöl ⁽³⁾ hafa aðildarríkin skuldbundið sig til að láta, í rökstuddum tilvikum, eitt eða fleiri skjöl fylgja tilkynningunni um lögleiðingarráðstafanir sínar til að útskýra sambandið milli efnisþátta tilskipunar og samsvarandi hluta landsbundinna lögleiðingargerninga. Að því er þessa tilskipun varðar telur löggjafinn að sending slíkra gagna sé réttlætunleg.
- 67) Þessi tilskipun var samþykkt að teknu tilliti til skuldbindinga sem settar eru fram í samstarfssamningi milli stofnana um betri lagasetningu frá 13. apríl 2016 og henni ætti að koma til framkvæmda og beita í samræmi við leiðbeiningarnar í þeim samningi.

⁽¹⁾ Stjtfð. ESB. L 123, 12.5.2016, bls. 1.

⁽²⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 frá 16. febrúar 2011 um reglur og almennar meginreglur varðandi tilhögun eftirlits aðildarríkjanna með framkvæmdastjórninni þegar hún beitir framkvæmdarvaldi sínu (Stjtfð. ESB L 55, 28.2.2011, bls. 13).

⁽³⁾ Stjtfð. ESB C 369, 17.12.2011, bls. 14.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Breytingar

Tilskipun 2008/98/EB er breytt sem hér segir:

1) Í stað 1. gr. kemur eftirfarandi:

„1. gr.

Efni og gildissvið

Í þessari tilskipun er mælt fyrir um ráðstafanir til að vernda umhverfið og heilbrigði manna með því að koma í veg fyrir eða draga úr myndun úrgangs, neikvæðum áhrifum vegna myndunar úrgangs og úrgangsstjórnunar og með því að draga úr heildaráhrifum vegna nýtingar auðlinda og auka skilvirkni við slíka nýtingu sem hefur mikla þýðingu vegna umskipta yfir í hringrásarhagkerfi og til að tryggja samkeppnishæfni Sambandsins til langs tíma.“

2) Í 2. mgr. 2. gr. er eftirfarandi lið bætt við:

„e) efni sem eru ætluð til notkunar sem fóðurefni eins og skilgreint er í g-lið 2. mgr. 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 767/2009 (*) og sem eru ekki úr eða innihalda ekki aukaafurðir úr dýrum.

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 767/2009 frá 13. júlí 2009 um setningu fóðurs á markað og notkun þess, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 79/373/EBE, tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 80/511/EBE, tilskipunum ráðsins 82/471/EBE, 83/228/EBE, 93/74/EBE, 93/113/EB og 96/25/EB og á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/217/EB (Stjtúð. ESB L 229, 1.9.2009, bls. 1).“

3) Ákvæðum 3. gr. er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi liðum er skotið inn:

„2a. „hættulaus úrgangur“: úrgangur sem fellur ekki undir 2. lið,

2b. „heimilis- og rekstrarúrgangur“:

a) blandaður úrgangur og úrgangur sem er safnað sérstaklega frá heimilum, þ.m.t. pappír og pappi, gler, málmar, plast, lífúrgangur, viður, textílefni, umbúðir, raf- og rafeindabúnaðarúrgangur, notaðar rafhlöður og rafgeymar og fyrirferðarmikill úrgangur, þ.m.t. dýnur og húsgögn,

b) blandaður úrgangur og úrgangur sem er safnað sérstaklega frá öðrum upptökum þar sem slíkur úrgangur er svipaður að eðli og samsetningu og úrgangur frá heimilum.

Heimilis- og rekstrarúrgangur nær ekki yfir úrgang frá framleiðslu, landbúnaði, skógrækt, fiskveiðum, rotþróum, skólperfum og -meðhöndlun, þ.m.t. skólpeðja, úr sér gengin ökutæki eða úrgang frá byggingar- og niðurrifsstarfsemi.

Þessi skilgreining er með fyrirvara um skiptingu ábyrgðar á úrgangsstjórnun milli opinberra aðila og einkaaðila,

2c. „úrgangur frá byggingar- og niðurrifsstarfsemi“: úrgangur sem fellur til við byggingar- og niðurrifsstarfsemi“.

b) Í stað 4. liðar kemur eftirfarandi:

„4. „lífúrgangur“: lífbrjótanlegur úrgangur úr gördum og almenningsgördum, matar- og eldhúsúrgangur frá heimilum, skrifstofum, veitingastöðum, heilðsölum, mótuneytum, veisluþjónustufyrirtækjum og smásölum og sambærilegur úrgangur frá vinnslustöðvum fyrir matvæli“.

c) Eftirfarandi lið er skotið inn:

„4a. „matarúrgangur“: allur matarúrgangur eins og hann er skilgreindur í 2. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 (*) sem er orðinn að úrgangi.

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 um almennar meginreglur og kröfur samkvæmt lögum um matvæli, um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla (Stjtið. EB L 31, 1.2.2002, bls. 1).“

d) Í stað 9. liðar kemur eftirfarandi:

„9. „úrgangsstjórnun“: söfnun, flutningur, endurnýting (þ.m.t. flokkun) og förgun úrgangs, þ.m.t. eftirlit með slíkri starfsemi og umsjón með förgunarstöðum eftir að þeim er lokað og þ.m.t. starfsemi seljenda eða miðlara.“

e) Í stað c-liðar í 12.lið kemur eftirfarandi:

„c) magni hættulegra efna í efniviði og vörum“.

f) Eftirfarandi lið er skotið inn:

„15a. „endurnýting efniviðar“: sérhver endurnýtingaraðgerð, önnur en endurnýting orku og uppvinnsla sem skilar efni sem á að nota sem eldsneyti eða á annan hátt til að framleiða orku. Undir þetta fellur m.a. undirbúningur fyrir endurnotkun ásamt endurvinnslu og fyllingu“.

g) Eftirfarandi lið er skotið inn:

„17a. „fylling“: sérhver endurnýtingaraðgerð þar sem hentugur hættalaus úrgangur er notaður til endurheimtar á grafrarsvæðum eða á tæknilegan hátt við landmótun. Úrgangur sem er notaður í fyllingar verður að koma í staðinn fyrir efni sem er ekki úrgangsefni, henta í áður nefndum tilgangi og takmarkast við það magn sem er alveg nauðsynlegt til að ná þessum tilgangi“.

h) Eftirfarandi lið er bætt við:

„21. „kerfi fyrir rýmkaða ábyrgð framleiðanda“: þær ráðstafanir sem aðildarríkin gera til að tryggja að framleiðendur vara beri fjárhagslega ábyrgð eða fjárhagslega og skipulagslega ábyrgð á stjórnun úrgangsskeiðsins á vistferli vöru.“

4) Í 4. gr. er eftirfarandi málsgrein bætt við:

„3. Aðildarríkin skulu nýta sér efnahagsleg stjórn tæki og aðrar ráðstafanir til að hvetja til beitingar úrgangsmetakerfisins, s.s. þær sem tilgreindar eru í IV. viðauka a eða önnur viðeigandi stjórn tæki og ráðstafanir.“

5) Ákvæðum 5. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað inngangshlutans í 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„1. Aðildarríki skulu gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að efni eða hlutur, sem verður til í framleiðsluferli þar sem meginmarkmiðið er ekki framleiðsla þess efnis eða hlutar, teljist vera aukaafurð en ekki úrgangur ef eftirfarandi skilyrði hafa verið uppfyllt:“

b) Í stað 2. mgr. kemur eftirfarandi:

„2. Framkvæmdastjórninni er heimilt að samþykka framkvæmdargerðir til að fastsetja ítarlegar viðmiðanir um samræmda beitingu skilyrðanna, sem mælt er fyrir um í 1. mgr., varðandi tiltekin efni eða hluti.

Þessar ítarlegu viðmiðanir skulu tryggja hátt verndarstig fyrir umhverfið og heilbrigði manna og stuðla að því að náttúruauðlindir séu nýttar af varúð og skynsemi.

Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 39. gr. Þegar framkvæmdastjórnin samþykkir þessar framkvæmdargerðir skal hún hafa sem upphafspunkt þær viðmiðanir, sem aðildarríki hafa samþykkt í samræmi við 3. mgr. þessarar greinar, sem eru strangastar og veita bestu verndina fyrir umhverfið og skulu setja í forgang þá starfshætti iðnaðarsamlífis sem hægt er að endurskapa við þróun þessara ítarlegu viðmiðana.“

c) Eftirfarandi málsgrein er bætt við:

„3. Ef viðmiðanir hafa ekki verið fastsettar á vettvangi Sambandsins skv. 2. mgr. er aðildarríkjum heimilt að fastsetja ítarlegar viðmiðanir um beitingu skilyrðanna sem mælt er fyrir um í 1. mgr. varðandi tiltekin efni eða hluti.

Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um þessar ítarlegu viðmiðanir í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/1535 (*) þegar krafa er gerð um slíkt samkvæmt þeirri tilskipun.

(*) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/1535 frá 9. september 2015 um tilhögun miðlunar upplýsinga um tæknireglugerðir og reglur um þjónustu í upplýsingasamfélaginu (Stj.íð. ESB L 241, 17.9.2015, bls. 1).“

6) Ákvæðum 6. gr. er breytt sem hér segir:

a) Ákvæðum 1. mgr. er breytt sem hér segir:

i) Í stað inngangshlutans og a-liðar kemur eftirfarandi:

„1. Aðildarríkin skulu gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að úrgangur sem hefur farið í gegnum endurvinnslu eða aðra endurnýtingaraðgerð teljist hættur að vera úrgangur ef hann uppfyllir eftirfarandi skilyrði:

a) nota á efnið eða hlutinn í sérstökum tilgangi“.

ii) Önnur undirgrein fellur brott.

b) Í stað 2., 3. og 4. mgr. kemur eftirfarandi:

„2. Framkvæmdastjórnin skal hafa eftirlit með þróun landsbundinna viðmiðana aðildarríkjanna um það hvenær úrgangur hættir að vera úrgangur og meta þörfina á að þróa viðmiðanir á þeim grundvelli í öllu Sambandinu. Í því skyni og eftir því sem við á skal framkvæmdastjórnin samþykka framkvæmdargerðir til að fastsetja ítarlegar viðmiðanir um samræmda beitingu skilyrðanna, sem mælt er fyrir um í 1. mgr., varðandi tilteknar tegundir úrgangs.

Þessar ítarlegu viðmiðanir skulu tryggja hátt verndarstig fyrir umhverfið og heilbrigði manna og stuðla að því að náttúruauðlindir séu nýttar af varúð og skynsemi. Þær skulu taka til:

a) úrgangsefna sem má nota sem ílag í endurnýtingaraðgerð,

b) heimilaðra meðhöndlunarferla og -tækni,

c) gæðaviðmiðana fyrir efnivið sem hættir að vera úrgangur, sem verður til við endurnýtingaraðgerð í samræmi við gildandi vörustaðla, þ.m.t. viðmiðunarmörk fyrir mengunarefni ef nauðsyn krefur,

d) krafna um stjórnunarkerfi til að sýna fram á að farið sé að viðmiðunum um hvenær úrgangur hættir að vera úrgangur, þ.m.t. vegna gæðaeftirlits og eigin eftirlits og faggildingar, eftir því sem við á, og

e) krafna um samræmisýfirlýsingu.

Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 39. gr.

Þegar framkvæmdastjórnin samþykkir þessar framkvæmdargerðir skal hún hafa hliðsjón af viðeigandi viðmiðunum sem aðildarríkin hafa fastsett í samræmi við 3. mgr. og skal hafa sem upphafspunkt þær viðmiðanir sem eru strangastar og veita bestu verndina fyrir umhverfið.

3. Ef viðmiðanir hafa ekki verið fastsettar á vettvangi Sambandsins skv. 2. mgr. er aðildarríkjum heimilt að fastsetja ítarlegar viðmiðanir um beitingu skilyrðanna, sem mælt er fyrir um í 1. mgr., varðandi tilteknar tegundir úrgangs. Í þessum ítarlegu viðmiðunum skal taka tillit til allra mögulegra neikvæðra áhrifa efnisins eða hlutarins á umhverfið og heilbrigði manna og þær skulu uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í a- til e-lið 2. mgr.

Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um þessar viðmiðanir í samræmi við tilskipun (ESB) 2015/1535 þegar krafa er gerð um slíkt samkvæmt þeirri tilskipun.

4. Ef viðmiðanir hafa hvorki verið fastsettar á vettvangi Sambandsins né á landsvísu skv. 2. eða 3. mgr., eftir því sem við á, er aðildarríki heimilt að ákveða, í hverju tilviki fyrir sig, eða gera viðeigandi ráðstafanir til að sannreyna að tiltekinn úrgangur sé hættur að vera úrgangur á grundvelli skilyrðanna sem mælt er fyrir um í 1. mgr. og, ef nauðsyn krefur, með hliðsjón af kröfunum sem mælt er fyrir um í a- til e-lið 2. mgr. og að teknu tilliti til viðmiðunarmarkna fyrir mengunarefni og allra mögulegra neikvæðra áhrifa á umhverfið og heilbrigði manna. Þess er ekki krafist að slíkar ákvarðanir í hverju tilviki fyrir sig séu tilkynntar til framkvæmdastjórnarinnar í samræmi við tilskipun (ESB) 2015/1535.

Aðildarríkjum er heimilt að gera upplýsingar um ákvarðanir í hverju tilviki fyrir sig og um niðurstöður sannprófunar af hálfu lögbærra yfirvalda aðgengilegar öllum með rafrænum hætti.“

c) Eftirfarandi málsgrein er bætt við:

„5. Einstaklingur eða lögaðili sem:

- a) notar í fyrsta sinn efnivið sem er hættur að vera úrgangur og sem hefur ekki verið settur á markað eða
- b) setur efnivið á markað í fyrsta sinn eftir að hann hætir að vera úrgangur

skal tryggja að efniviðurinn uppfylli viðeigandi kröfur samkvæmt gildandi löggjöf sem varðar íðefni og vörur. Skilyrðin sem mælt er fyrir um í 1. mgr. verða að vera uppfyllt áður en löggjöfin um íðefni og vörur gildir um efniviðinn sem er hættur að vera úrgangur.“

7) Ákvæðum 7. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað fyrsta málslíðar 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„1. Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 38. gr. a, til að bæta við þessa tilskipun með því að koma á fót og endurskoða, í samræmi við 2. og 3. mgr. þessarar greinar, skrá yfir úrgang.“

b) Í stað 2. mgr. kemur eftirfarandi:

„2. Aðildarríki getur litið á úrgang sem hættulegan, jafnvel þó að hann sé ekki tilgreindur þannig í skránni yfir úrgang, ef hann býr yfir einum eða fleiri af eiginleikunum sem eru tilgreindir í III. viðauka. Aðildarríkið skal tilkynna framkvæmdastjórninni um öll slík tilvik án tafar og leggja allar viðeigandi upplýsingar fyrir framkvæmdastjórnina. Skráin skal endurskoðuð í ljósi móttekinnna tilkynninga til að taka megí ákvörðun um breytingar á henni.“

c) Ákvæði 5. mgr. falla brott.

8) Ákvæðum 8. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í 1. mgr. er eftirfarandi undirgreinum bætt við:

„Ef slíkar ráðstafanir fela í sér að koma á fót kerfum fyrir rýmkaða ábyrgð framleiðanda gilda almennu lágmarkskröfunar sem mælt er fyrir um í 8. gr. a.

Aðildarríkjum er heimilt að ákveða að vöruframleiðendur, sem taka á sig fjárhagslega ábyrgð eða fjárhagslega og skipulagslega ábyrgð á stjórnun úrgangsskeiðsins á vistferli vöru að eigin frumkvæði, skuli beita hluta af eða öllum almennu lágmarkskröfunum sem mælt er fyrir um í 8. gr. a.“

b) Í stað 2. mgr. kemur eftirfarandi:

„2. Aðildarríkin geta gert viðeigandi ráðstafanir til að hvetja til þess að vörur og íhlutir vara séu hönnuð þannig að dregið sé úr umhverfisáhrifum þeirra og myndun úrgangs í framleiðsluferlinu og við síðari notkun vara og til að tryggja að endurnýting og förgun vara, sem eru orðnar að úrgangi, eigi sér stað í samræmi við 4. og 13. gr.

Slíkar ráðstafanir geta m.a. hvatt til þróunar, framleiðslu og setningar á markað á vörum og íhlutum í vörur sem eru hentugar til margs konar notkunar, sem innihalda endurunna efniviði, sem eru tæknilega endingargóðar og auðvelt að gera við og sem eru, eftir að þær eru orðnar að úrgangi, hentugar til að undirbúa þær fyrir endurnotkun og endurvinnslu til þess að stuðla að tilhlýðilegri framkvæmd úrgangsmetakerfisins. Í þessum ráðstöfunum skal taka tillit til áhrifa frá vörum á öllum vistferli þeirra, úrgangsmetakerfisins og, eftir því sem við á, möguleikans á að endurvinnna þær oft.“

c) Eftirfarandi málsgrein er bætt við:

„5. Framkvæmdastjórnin skal skipuleggja upplýsingaskipti milli aðildarríkja og aðila sem eiga þátt í kerfum fyrir rýmkaða ábyrgð framleiðanda um framkvæmd almennu lágmarkskrafnanna, sem mælt er fyrir um í 8. gr. a, í reynd. Þetta tekur m.a. til upplýsingaskipta um bestu starfsvenjur til að tryggja fullnægjandi stjórnunarhætti, samstarf yfir landamæri sem varðar kerfi fyrir rýmkaða ábyrgð framleiðanda og snurðulausa starfsemi innri markaðarins, um skipulagslega þætti og vöktun á fyrirtækjum/stofnunum, sem koma skuldbindingum í tengslum við rýmkaða ábyrgð framleiðanda í framkvæmd fyrir hönd framleiðenda vara, um tilfærslu fjárframlaga, um val á rekstraraðilum úrgangsstjórnunar og forvarnir gegn dreifingu á rusli. Framkvæmdastjórnin skal birta niðurstöður upplýsingaskiptanna og getur lagt fram viðmiðunarreglur um þessa þætti og aðra þætti sem skipta máli.

Framkvæmdastjórnin skal birta viðmiðunarreglur, í samráði við aðildarríkin, um samstarf yfir landamæri er varðar kerfi fyrir rýmkaða ábyrgð framleiðanda og um tilfærslu fjárframlaga sem um getur í b-lið 4. mgr. 8. gr. a.

Ef það er nauðsynlegt til að komast hjá röskun á innri markaði er framkvæmdastjórninni heimilt að samþykkja framkvæmdargerðir til að mæla fyrir um viðmiðanir með tilliti til samræmdrar beitingar b-liðar 4. mgr. 8. gr. a en án þess að ákvarða nákvæmlega umfang framlaganna. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 39. gr.“

9) Eftirfarandi grein er skotið inn:

„8. gr. a

Almennar lágmarkskröfur um kerfi fyrir rýmkaða ábyrgð framleiðanda

1. Þegar kerfum fyrir rýmkaða ábyrgð framleiðanda er komið á fót í samræmi við 1. mgr. 8. gr., þ.m.t. samkvæmt öðrum lagagerðum Sambandsins, skulu aðildarríki:

- a) skilgreina með skýrum hætti hlutverk og ábyrgð allra viðkomandi aðila sem taka þátt, þ.m.t. vöruframleiðendur sem setja vörur á markað aðildarríkisins, fyrirtæki/stofnanir, sem koma skuldbindingum í tengslum við rýmkaða ábyrgð framleiðanda í framkvæmd fyrir þeirra hönd, einkarekstraraðilar eða opinberir rekstraraðilar úrgangs, staðaryfirvöld og, eftir því sem við á, rekstraraðilar endurnotkunar og undirbúnings fyrir endurnotkun og fyrirtæki í félagslega hagkerfinu,
- b) fastsetja úrgangsstjórnunarmarkmið, í samræmi við úrgangsmetakerfið, sem miða að því að ná a.m.k. þeim meginlegu markmiðum sem skipta máli fyrir kerfið fyrir rýmkaða ábyrgð framleiðanda, eins og mælt er fyrir um í þessari tilskipun, tilskipun 94/62/EB, tilskipun 2000/53/EB, tilskipun 2006/66/EB og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2012/19/ESB (*), og fastsetja önnur meginleg markmið og/eða eigindleg markmið sem teljast skipta máli fyrir kerfið fyrir rýmkaða ábyrgð framleiðanda,
- c) tryggja að tilkynningakerfi sé fyrir hendi til að safna gögnum um vörur sem framleiðendur vara, sem falla undir rýmkaða ábyrgð framleiðanda, setja á markað í aðildarríkinu og gögnum um söfnun og meðhöndlun úrgangs sem verða til vegna þessara vara og tilgreina, eftir því sem við á, flæði úrgangsefna, ásamt öðrum gögnum sem skipta máli að því er varðar b-lið,
- d) tryggja jafna meðferð framleiðanda vara, óháð uppruna þeirra eða stærð, án þess að leggja óhóflega stjórnsýslubyrði á framleiðendur vara í litlu magni, þ.m.t. lítil og meðalstór fyrirtæki.

2. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að handhafar úrgangs, sem falla undir kerfi fyrir rýmkaða ábyrgð framleiðanda sem komið er á fót í samræmi við 1. mgr. 8. gr., séu upplýstir um ráðstafanir vegna forvarna gegn myndun úrgangs, miðstöðvar fyrir endurnotkun og undirbúning fyrir endurnotkun, endurvíðtöku- og söfnunarkerfi og forvarnir gegn dreifingu á rusli. Aðildarríkin skulu einnig gera ráðstafanir til að skapa hvata fyrir handhafa úrgangs til að bera þá ábyrgð að skila úrgangi sínum í sérstök söfnunarkerfi sem eru fyrir hendi, nánar tiltekið, eftir því sem við á, með efnahagslegum hvötum eða reglum.

3. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að allir framleiðendur vara eða fyrirtæki/stofnanir sem koma skuldbindingum í tengslum við rýmkaða ábyrgð framleiðanda í framkvæmd fyrir hönd vöruframleiðenda:

- a) séu með skýrt skilgreint landfræðilegt umfang, vöru og efnivið án þess að takmarka þessi svæði við svæði þar sem söfnun og stjórnun úrgangs er arðbærust,
- b) veiti viðeigandi aðgang að úrgangssöfnunarkerfum innan svæðanna sem um getur í a-lið,

- c) séu með nauðsynlegt fjármagn eða fjárhagslega og skipulagslega burði til að uppfylla skuldbindingar sínar um rýmkaða ábyrgð framleiðanda,
- d) komi upp fullnægjandi sjálfseftirlitskerfi sem er stutt, ef við á, með reglulegum óháðum úttektum til að meta:
- fjármálastjórnun þeirra, þ.m.t. að farið sé að kröfunum sem mælt er fyrir um í a- og b-lið 4. mgr.,
 - gæði gagnanna sem er safnað og gefin skýrsla um í samræmi við c-lið 1. mgr. þessarar greinar og kröfurnar í reglugerð (EB) nr. 1013/2006,
- e) birti opinberlega upplýsingar um hversu vel hefur tekist að ná úrgangsstjórnunarmarkmiðunum, sem um getur í b-lið 1. mgr., og, ef um er að ræða samanlagða uppfyllingu skuldbindinga í tengslum við rýmkaða ábyrgð framleiðanda, einnig upplýsingar um:
- eignarhald og aðild,
 - fjárframlag sem framleiðendur vara hafa greitt á hverja selda einingu eða á hvert tonn af vöru sem sett er á markað og
 - valferlið fyrir rekstraraðila úrgangsstjórnunar.

4. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að fjárframlög sem framleiðandi vöru greiðir til að uppfylla skuldbindingar sínar í tengslum við rýmkaða ábyrgð framleiðanda:

- a) standi straum af eftirfarandi kostnaði vegna vara sem framleiðandi setur á markað í hlutaðeigandi aðildarríki:
- kostnaði við sérstaka söfnun úrgangs og flutning hans og meðhöndlun þar á eftir, þ.m.t. meðhöndlun sem er nauðsynleg til að uppfylla markmið Sambandsins um úrgangsstjórnun, og kostnaði sem er nauðsynlegur til að uppfylla önnur sértæk og almenn markmið, sem um getur í b-lið 1. mgr., að teknu tillit til tekna af endurnotkun, af sölu á endurunnum hráefnum úr vörum þeirra og af skilagjöldum sem ekki er gert tilkall til,
 - kostnaði við að veita handhöfum úrgangs fullnægjandi upplýsingar í samræmi við 2. mgr.,
 - kostnaði við gagnasöfnun og skýrslugjöf í samræmi við c-lið 1. mgr.

Þessi liður gildir ekki um kerfi fyrir rýmkaða ábyrgð framleiðanda sem komið er á fót samkvæmt tilskipun 2000/53/EB, 2006/66/EB eða 2012/19/ESB,

- b) séu aðlöguð, ef um er að ræða að skuldbindingar í tengslum við rýmkaða ábyrgð framleiðanda séu uppfylltar sameiginlega, þegar það er unnt, fyrir einstakar vörur eða hópa svipaðra vara, einkum með því að taka tillit til endingar þeirra, möguleika á viðgerðum, endurnotanleika og endurvinnanleika og hvort hættuleg efni eru fyrir hendi og byggja þar með á nálgun út frá vistferilssjónarmiði og aðlöguð að kröfum sem gerðar eru í viðeigandi lögum Sambandsins og, ef þær liggja fyrir, séu byggð á samræmdum viðmiðunum til að tryggja snurðulausa starfsemi innri markaðarins og
- c) fari ekki yfir þann kostnað sem er nauðsynlegur til að veita úrgangsstjórnunarþjónustu á kostnaðarhagkvæman hátt. Hlutaðeigandi aðilar skulu ákveða slíkan kostnað á gagnsæjan hátt.

Aðildarríkjum er heimilt, í rökstuddum tilvikum sem varða þörf á að tryggja viðeigandi úrgangsstjórnun og fjárhagslegt rekstrarhæfi kerfisins fyrir rýmkaða ábyrgð framleiðanda, að hverfa frá skiptingu fjárhagslegrar ábyrgðar eins og mælt er fyrir um í a-lið að því tilskildu að:

- ef um er að ræða kerfi fyrir rýmkaða ábyrgð framleiðanda, sem komið var á fót til að ná sértækum og almennum markmiðum um úrgangsstjórnun sem voru fastsett samkvæmt lagagerðum Sambandsins, bera framleiðendur vara a.m.k. 80% af nauðsynlegum kostnaði,
- ef um er að ræða kerfi fyrir rýmkaða ábyrgð framleiðanda, sem komið var á fót 4. júlí 2018 eða eftir það til að ná sértækum og almennum markmiðum um úrgangsstjórnun sem voru einungis fastsett í löggjöf aðildarríkjanna, bera framleiðendur vara a.m.k. 80% af nauðsynlegum kostnaði,
- ef um er að ræða kerfi fyrir rýmkaða ábyrgð framleiðanda, sem komið var á fót fyrir 4. júlí 2018 til að ná sértækum og almennum markmiðum um úrgangsstjórnun sem voru einungis fastsett í löggjöf aðildarríkjanna, bera framleiðendur vara a.m.k. 50% af nauðsynlegum kostnaði,

og að því tilskildu að upphaflegir framleiðendur eða dreifingaraðilar úrgangs beri eftirstandandi kostnað.

Ekki má nota þessa undanþágu til að minnka hlutfallslegan kostnað sem framleiðendur vara bera samkvæmt kerfum fyrir rýmkaða ábyrgð framleiðanda sem komið var á fót fyrir 4. júlí 2018.

5. Aðildarríkin skulu koma á fullnægjandi ramma um vöktun og framfylgd með það fyrir augum að tryggja að framleiðendur vara og fyrirtæki/stofnanir, sem koma skuldbindingum í tengslum við rýmkaða ábyrgð framleiðanda í framkvæmd fyrir þeirra hönd, komi skuldbindingum sínum sem varða rýmkaða ábyrgð framleiðanda í framkvæmd, þ.m.t. ef um er að ræða fjarsölu, að fjármagnið sé notað á tilhlýðilegan hátt og að allir aðilar sem eiga þátt í að koma kerfum fyrir rýmkaða ábyrgð framleiðanda í framkvæmd gefi skýrslu með áreiðanlegum gögnum.

Ef mörg fyrirtæki/stofnanir á yfirráðasvæði aðildarríkis koma skuldbindingum í tengslum við rýmkaða ábyrgð framleiðanda í framkvæmd fyrir hönd framleiðenda vara skulu hlutaðeigandi aðildarríki skipa a.m.k. einn aðila sem er laus við einkahagsmuni eða fela opinberu yfirvaldi að hafa umsjón með framkvæmd skuldbindinga í tengslum við rýmkaða ábyrgð framleiðanda.

Hvert aðildarríki skal heimila framleiðendum vara, sem eru með staðfestu í öðru aðildarríki og setja vörur á markað á yfirráðasvæði þess fyrrnefnda, að útnefna einstakling eða lögaðila með staðfestu á yfirráðasvæði þess sem viðurkenndan fulltrúa í þeim tilgangi að uppfylla skyldur framleiðanda sem tengjast kerfum fyrir rýmkaða ábyrgð framleiðanda á yfirráðasvæði þess.

Í því skyni að vakta og sannreyna að farið sé að skuldbindingum framleiðanda vöru í tengslum við kerfi fyrir rýmkaða ábyrgð framleiðanda er aðildarríkjum heimilt að mæla fyrir um kröfur, s.s. skráningar-, upplýsinga- og skýrslugjafarkröfur, sem einstaklingur eða lögaðili, sem á að útnefna sem viðurkenndan fulltrúa á yfirráðasvæði þeirra, verður að uppfylla.

6. Aðildarríkin skulu tryggja regluleg samskipti milli viðkomandi hagsmunaaðila sem eiga þátt í að koma kerfum fyrir rýmkaða ábyrgð framleiðanda í framkvæmd, þ.m.t. framleiðendur og dreifingaraðilar, einkarekstraraðilar eða opinberir rekstraraðilar úrgangs, staðaryfirvöld, borgaraleg samtök og, eftir atvikum, aðilar í félagslega hagkerfinu, endurnotkunar- og viðgerðakerfi og rekstraraðilar undirbúnings fyrir endurnotkun.

7. Aðildarríkin skulu gera ráðstafanir til að tryggja að kerfi fyrir rýmkaða ábyrgð framleiðanda, sem var komið á fót fyrir 4. júlí 2018, séu í samræmi við þessa grein eigi síðar en 5. janúar 2023.

8. Miðlun upplýsinga til almennings samkvæmt þessari grein skal ekki hafa áhrif á að farið sé með upplýsingar sem innihalda viðskiptaleyndarmál sem trúnaðarmál í samræmi við viðeigandi lög Sambandsins og landslög.

(*) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2012/19/ESB frá 4. júlí 2012 um raf- og rafeindabúnaðarúrgang (Stjttíð. ESB L 197, 24.7.2012, bls. 38).“

10) Í stað 9. gr. kemur eftirfarandi:

„9. gr.

Forvarnir gegn myndun úrgangs

1. Aðildarríkin skulu gera ráðstafanir til forvarna gegn myndun úrgangs. Þessar ráðstafanir skulu a.m.k.:

- a) stuðla að og styðja sjálfbær framleiðslu- og neyslulíkön,
- b) hvetja til hönnunar, framleiðslu og notkunar á vörum sem eru auðlindanýtnar, endingargóðar (þ.m.t. með tilliti til endingartíma og að skipulögð úrelding sé ekki fyrir hendi), auðvelt að gera við þær, endurnotanlegar og uppfæranlegar,
- c) beinast að vörum sem innihalda þýðingarmikil hráefni til að koma í veg fyrir að þessir efniviðir verði að úrgangi,
- d) hvetja til endurnotkunar á vörum og að komið sé á fót kerfi til að stuðla að starfsemi á sviði viðgerða og endurnotkunar, þ.m.t. einkum að því er varðar raf- og rafeindabúnað, textílefni og húsgögn, sem og umbúðaefni og byggingarefni og -vörur,

- e) hvetja til, eins og við á og með fyrirvara um hugverkarétt, tiltækileika varahluta, notendahandbóka, tæknilegra upplýsinga eða annarra tækja, búnaðar eða hugbúnaðar sem gerir það kleift að gera við og endurnota vörur án þess að stofna gæðum þeirra og öryggi í hættu,
- f) draga úr myndun úrgangs í ferlum sem tengjast iðnaðarframleiðslu, vinnslu jarðefna, framleiðslu og byggingar- og niðurrifsstarfsemi að teknu tilliti til bestu, fánlegu tækni,
- g) draga úr myndun matarúrgangs í frumframleiðslu, vinnslu og framleiðslu, í smásöludreifingu og annarri dreifingu matvæla, á veitingastöðum og matsölum sem og á heimilum sem framlag til markmiðs Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun um að eigi síðar en árið 2030 hafi sóun matvæla á smásölu- og neytendastigi minnkað um heim allan um 50% á hvern einstakling og dregið hafi úr glötuðum matvælum í framleiðslu- og birgðakeðjum,
- h) hvetja til matargjafa og annarrar endurúthlutunar til mannelis þar sem notkun handa mönnum er sett í forgang fram yfir notkun í fóður og uppvinnslu í aðrar vörur en matvæli,
- i) stuðla að því að draga úr innihaldi hættulegra efna í efniviðum og vörum, með fyrirvara um samræmd lagaskilyrði sem varða þessa efniviði og þessar vörur sem mælt er fyrir um á vettvangi Sambandsins, og tryggja að sérhver birgir hlutar, eins og skilgreint er í 33. lið 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 (*), leggi upplýsingar skv. 1. mgr. 33. gr. þeirrar reglugerðar fyrir Efnastofnun Evrópu frá og með 5. janúar 2021,
- j) draga úr myndun úrgangs, einkum úrgangs sem hentar ekki að undirbúa fyrir endurnotkun eða endurvinnslu,
- k) greina þær vörur sem eru helstu uppsprettur dreifingar á rusli, einkum í náttúrulegu umhverfi og sjávarumhverfi, og gera viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir og draga úr rusli frá slíkum vörum; ef aðildarríkin ákveða að koma þessari skuldbindingu í framkvæmd með markaðshöftum skulu þau tryggja að slík höft séu hófleg og án mismununar,
- l) miða að því að stöðva myndun rusls í sjó og leggja þannig af mörkum til markmiðs Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun um að koma í veg fyrir og draga verulega úr sjávarmengun í öllum myndum og
- m) þróa og styðja upplýsingaherferðir til að auka vitund um forvarnir gegn myndun úrgangs og dreifingu á rusli.

2. Efnastofnun Evrópu skal koma á fót gagnagrunni fyrir gögnin sem á að senda henni skv. i-lið 1. mgr. eigi síðar en 5. janúar 2020 og viðhalda honum. Efnastofnun Evrópu skal veita rekstraraðilum sem sjá um meðhöndlun úrgangs aðgang að þessum gagnagrunni. Hún skal einnig veita neytendum aðgang að þessum gagnagrunni að beiðni þeirra.

3. Aðildarríkin skulu vakta og meta framkvæmd ráðstafana vegna forvarna gegn myndun úrgangs. Í þeim tilgangi skulu þau nota viðeigandi eigindlega eða megindlega vísa og markmið, einkum um magn úrgangs sem fellur til.

4. Aðildarríkin skulu vakta og meta framkvæmd ráðstafana sinna varðandi endurnotkun með því að mæla endurnotkun á grundvelli sameiginlegu aðferðafræðinnar, sem er komið á með framkvæmdargerðinni sem um getur í 7. mgr., frá og með fyrsta heila almanaksárinu eftir samþykkt þeirrar framkvæmdargerðar.

5. Aðildarríkin skulu vakta og meta framkvæmd ráðstafana sinna vegna forvarna gegn myndun matarúrgangs með því að mæla umfang matarsóunar á grundvelli sameiginlegu aðferðafræðinnar, sem er komið á með framseldu gerðinni sem um getur í 8. mgr., frá og með fyrsta heila almanaksárinu eftir samþykkt þeirrar framseldu gerðar.

6. Eigi síðar en 31. desember 2023 skal framkvæmdastjórnin kanna gögn um matarsóun sem aðildarríkin láta í té í samræmi við 3. mgr. 37. gr., með það fyrir augum að taka til athugunar hagkvæmni þess að koma á fót markmiðum, sem á að ná eigi síðar en 2030, um að draga úr matarsóun í öllu Sambandinu á grundvelli gagnanna sem aðildarríkin gefa skýrslu um í samræmi við sameiginlegu aðferðafræðina sem var komið á skv. 8. mgr. þessarar greinar. Í því skyni skal framkvæmdastjórnin leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið ásamt, ef við á, tillögu að nýrri löggjöf.

7. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framkvæmdargerðir til að ákvarða vísa til að mæla heildarárangur við framkvæmd ráðstafana vegna forvarna gegn myndun úrgangs og skal, eigi síðar en 31. mars 2019, samþykkja framkvæmdargerð til að ákvarða sameiginlega aðferðafræði fyrir skýrslugjöf um endurnotkun á vörum. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 39. gr.

8. Eigi síðar en 31. mars 2019 skal framkvæmdastjórnin samþykkja framselda gerð, á grundvelli niðurstaðna frá verkvangi ESB fyrir matvælatap og matarsóun, í samræmi við 38. gr. a til að bæta við þessa tilskipun með því að koma á sameiginlegri aðferðafræði og lágmarkskröfum um gæði fyrir samræmda mælingu á umfangi matarsóunar.

9. Eigi síðan en 31. desember 2024 skal framkvæmdastjórnin kanna gögn um endurnotkun, sem aðildarríkin láta í té í samræmi við 3. mgr. 37.gr., með það fyrir augum að taka til athugunar hagkvæmni ráðstafana til að hvetja til endurnotkunar á vörum, þ.m.t. að ákvarða meginleg markmið. Framkvæmdastjórnin skal einnig kanna hagkvæmni þess að ákvarða aðrar ráðstafanir vegna forvarna gegn myndun úrgangs, þ.m.t. markmið um að draga úr úrgangi. Í því skyni skal framkvæmdastjórnin leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið ásamt, ef við á, tillögu að nýrri löggjöf.

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), um stofnun Efnastofnunar Evrópu, um breytingu á tilskipun 1999/45/EB og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1488/94, sem og tilskipun ráðsins 76/769/EBE og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 91/155/EBE, 93/67/EBE, 93/105/EB og 2000/21/EB (Stjtið. ESB L 396, 30.12.2006, bls. 1).“

11) Í stað 10. gr. kemur eftirfarandi:

„10. gr.

Endurnýting

1. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að úrgangur fari í gegnum undirbúning fyrir endurnotkun, endurvinnslu eða aðrar endurnýtingaraðgerðir í samræmi við 4. og 13. gr.

2. Safna skal úrgangi sérstaklega ef það er nauðsynlegt til að fara að 1. mgr. og til að auðvelda eða bæta undirbúning fyrir endurnotkun, endurvinnslu og aðrar endurnýtingaraðgerðir og ekki skal blanda honum saman við annan úrgang eða efnivið sem hefur aðra eiginleika.

3. Aðildarríkin geta leyft undanþágur frá 2. mgr. að því tilskildu að a.m.k. eitt af eftirfarandi skilyrðum sé uppfyllt:

a) söfnun tiltekinna tegunda úrgangs saman hefur ekki áhrif á möguleika hans til að fara í gegnum undirbúning fyrir endurnotkun, endurvinnslu eða aðrar endurnýtingaraðgerðir í samræmi við 4. gr. og leiðir til frálags eftir þessar aðgerðir sem er af sambærilegum gæðum og það sem fæst með sérstakri söfnun,

b) sérstök söfnun skilar ekki bestu niðurstöðunni fyrir umhverfið þegar tekið er tillit til heildarumhverfisáhrifa stjórnunar á viðkomandi úrgangsstraumum,

c) sérstök söfnun er ekki tæknilega möguleg að teknu tilliti til góðra starfsvenja í úrgangssöfnun,

d) sérstök söfnun myndi hafa í för með sér óhóflegan efnahagslegan kostnað, að teknu tilliti til kostnaðar við skaðleg áhrif á umhverfi og heilbrigði sem tengjast söfnun og meðhöndlun á blönduðum úrgangi, möguleikans á aukinni skilvirkni við úrgangssöfnun og meðhöndlun, tekna af sölu enduruninna hráefna sem og beitingar mengunar-bótareglunnar og rýmkaðrar ábyrgðar framleiðanda.

Aðildarríkin skulu fara reglulega yfir undanþágur samkvæmt þessari málsgrein, að teknu tilliti til góðra starfsvenja við sérstaka söfnun úrgangs og annarrar þróunar í úrgangsstjórnun.

4. Aðildarríkin skulu gera ráðstafanir til að tryggja að úrgangur, sem hefur verið safnað sérstaklega til undirbúnings fyrir endurnotkun og endurvinnslu skv. 1. mgr. 11. gr. og 22. gr., sé ekki brenndur, að undanskildum úrgangi sem verður til við síðari meðhöndlun úrgangsins, sem er safnað sérstaklega, sem brennsla er besta umhverfislega niðurstaðan fyrir í samræmi við 4. gr.

5. Ef nauðsyn krefur til að fara að 1. mgr. þessarar greinar og til að stuðla að eða bæta endurnýtingu skulu aðildarríkin gera nauðsynlegar ráðstafanir fyrir endurnýtingu eða meðan á henni stendur til að fjarlægja hættuleg efni, blöndur og íhluti úr hættulegum úrgangi með það fyrir augum að meðhöndla hann í samræmi við 4. og 13. gr.

6. Eigi síðar en 31. desember 2021 skulu aðildarríkin leggja skýrslu fyrir framkvæmdastjórnina um framkvæmd þessarar greinar að því er varðar heimilis- og rekstrarúrgang og lífúrgang, þ.m.t. um efnivið og umfang sérstakrar söfnunar á yfirráðasvæði og allar undanþágur skv. 3. mgr.“

12) Ákvæðum 11. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað fyrirsagnarinnar kemur eftirfarandi:

„Undirbúningur fyrir endurnotkun og endurvinnslu“.

b) Í stað 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„1. Aðildarríkin skulu gera ráðstafanir til að stuðla að undirbúningi fyrir endurnotkunarstarfsemi, einkum með því að hvetja til þess að komið verði á og stutt verði við kerfi til undirbúnings fyrir endurnotkun og viðgerðir með því að auðvelda, þegar það er samrýmanlegt við viðeigandi úrgangsstjórnun, aðgang þeirra að úrgangi í söfnunarkerfum eða -stöðvum sem hægt er að undirbúa fyrir endurnotkun en sem þessi kerfi eða stöðvar hafa ekki ætlað til undirbúnings fyrir endurnotkun og með því að stuðla að notkun efnahagslegra stjórnækja, viðmiðana fyrir innkaup, meginlegra markmiða eða annarra ráðstafana.

Aðildarríkin skulu gera ráðstafanir til að stuðla að endurvinnslu í háum gæðaflokki og í þessu skyni, með fyrirvara um 2. og 3. mgr. 10. gr., koma upp sérstakri söfnun úrgangs.

Með fyrirvara um 2. og 3. mgr. 10. gr. skulu aðildarríkin koma upp sérstakri söfnun, a.m.k. fyrir pappír, málm, plast og gler, og fyrir textílefni eigi síðar en 1. janúar 2025.

Aðildarríkin skulu gera ráðstafanir til að stuðla að niðurrifi sem grundvallast á vali til að gera það kleift að fjarlægja og meðhöndla hættuleg efni á öruggan hátt og stuðla að endurnotkun og endurvinnslu í háum gæðaflokki með fjarlægingu efniviða sem grundvallast á vali og til að tryggja að komið verði á fót flokkunarkerfum fyrir úrgang frá byggingar- og niðurrifsstarfsemi, a.m.k. fyrir við, jarðefnahluta (steinsteypa, múrsteinar, flísar og keramik, steinar) málm, gler, plast og gifsefni.“

c) Ákvæðum 2. mgr. er breytt sem hér segir:

i) Í stað inngangshlutans kemur eftirfarandi:

„2. Til að uppfylla markmið þessarar tilskipunar og færast yfir í evrópskt hringrásarhagkerfi með góðri nýtingu auðlinda skulu aðildarríkin gera nauðsynlegar ráðstafanir til að ná eftirfarandi markmiðum:“.

ii) Eftirfarandi liðum er bætt við:

„c) eigi síðar en 2025: undirbúningur fyrir endurnotkun og endurvinnslu heimilis- og rekstrarúrgangs skal aukast að lágmarki upp í 55% miðað við þyngd,

d) eigi síðar en 2030: undirbúningur fyrir endurnotkun og endurvinnslu heimilis- og rekstrarúrgangs skal aukast að lágmarki upp í 60% miðað við þyngd,

e) eigi síðar en 2035: undirbúningur fyrir endurnotkun og endurvinnslu heimilis- og rekstrarúrgangs skal aukast að lágmarki upp í 65% miðað við þyngd.“

d) Í stað 3., 4. og 5. mgr. kemur eftirfarandi:

„3. Aðildarríki er heimilt að framlengja frestina til að ná markmiðunum sem um getur í c-, d- og e-lið 2. mgr. um allt að fimm ár að því tilskildu að viðkomandi aðildarríki:

a) hafi undirbúið fyrir endurnotkun og endurnið innan við 20% eða urðað yfir 60% af heimilis- og rekstrarúrgangi sínum sem féll til 2013, eins og tilgreint var í sameiginlegum spurningalista Efnahags- og framfarastofnunarinnar og Hagstofu Evrópusambandsins, og

b) tilkynni framkvæmdastjórninni um þá fyrirætlan sína að framlengja viðkomandi frest og leggur fram framkvæmdaáætlun, í samræmi við IV. viðauka b, eigi síðar en 24 mánuðum fyrir viðkomandi eindaga sem mælt er fyrir um í c-, d- eða e-lið 2. mgr.

4. Innan þriggja mánaða frá viðtöku framkvæmdaáætlunar, sem lögð er fram skv. b-lið 3. mgr., getur framkvæmdastjórnin farið þess á leit að aðildarríki endurskoði þá áætlun ef hún telur að áætlunin sé ekki í samræmi við kröfurnar sem settar eru fram í IV. viðauka b. Hlutaðeigandi aðildarríki skal leggja fram endurskoðaða áætlun innan þriggja mánaða frá viðtöku beiðninnar frá framkvæmdastjórninni.

5. Ef fresturinn til að ná markmiðunum er lengdur í samræmi við 3. mgr. skal hlutaðeigandi aðildarríki gera nauðsynlegar ráðstafanir til að auka undirbúning fyrir endurnotkun og endurvinnslu heimilis- og rekstrarúrgangs:

a) í a.m.k. 50% eigi síðar en 2025 ef um er að ræða að fresturinn til að ná markmiðinu, sem um getur í c-lið 2. mgr., er lengdur,

b) í a.m.k. 55% eigi síðar en 2030 ef um er að ræða að fresturinn til að ná markmiðinu, sem um getur í d-lið 2. mgr., er lengdur,

c) í a.m.k. 60% eigi síðar en 2035 ef um er að ræða að fresturinn til að ná markmiðinu, sem um getur í e-lið 2. mgr., er lengdur.“

e) Eftirfarandi málsgreinum er bætt við:

„6. Eigi síðar en 31. desember 2024 skal framkvæmdastjórnin taka það til athugunar að fastsetja markmið um undirbúning fyrir endurnotkun og endurvinnslu úrgangs frá byggingar- og niðurrifsstarfsemi og efnisbundinna hluta hans, textíluúrgangs, úrgangs frá verslun, hættulauss úrgangs frá iðnaði og öðrum úrgangsstraumum sem og markmið um undirbúning fyrir endurnotkun heimilis- og rekstrarúrgangs og endurvinnslumarkmið fyrir heimilis- og rekstrarlífúrgang. Í því skyni skal framkvæmdastjórnin leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið ásamt, ef við á, tillögu að nýrri löggjöf.

7. Eigi síðar en 31. desember 2028 skal framkvæmdastjórnin endurskoða markmiðið sem mælt er fyrir um í e-lið 2. mgr. Í því skyni skal framkvæmdastjórnin leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið ásamt, ef við á, tillögu að nýrri löggjöf.

Framkvæmdastjórnin skal meta samvinnslutækni sem gerir það kleift að taka jarðefni með í sambrennsluferli heimilis- og rekstrarúrgangs. Ef unnt er að finna áreiðanlega aðferð, sem hluta af þessari endurskoðun, skal framkvæmdastjórnin taka til athugunar hvort telja megi slík jarðefni með sem hluta af því að ná endurvinnslumarkmiðum.“

13) Eftirfarandi greinum er skotið inn:

„11. gr. a

Reglur um útreikning á árangri við að ná markmiðum

1. Í þeim tilgangi að reikna út hvort markmiðin, sem mælt er fyrir um í c-, d- og e-lið 2. mgr. 11. gr. og í 3. mgr. 11. gr., hafi náðst:

- a) skulu aðildarríkin reikna út þyngd heimilis- og rekstrarúrgangs sem fellur til og er undirbúinn fyrir endurnotkun eða endurunninn á tilteknu almanaksári,
- b) skal reikna út þyngd heimilis- og rekstrarúrgangs sem er undirbúinn fyrir endurnotkun sem þyngd vara eða íhluta úr vörum sem eru orðin að heimilis- og rekstrarúrgangi og hafa farið í gegnum allar nauðsynlegar skoðanir, hreinsun eða viðgerð til að gera það kleift að endurnota þau án frekari flokkunar eða formeðhöndlunar,
- c) skal reikna út þyngd endurunnins heimilis- og rekstrarúrgangs sem þyngd úrgangs sem, eftir að hafa farið í gegnum allar nauðsynlegar skoðanir, flokkun og aðrar undirbúningsaðgerðir til að fjarlægja úrgangsefni sem eru ekki ætluð til síðari endurvinnslu og til að tryggja endurvinnslu í háum gæðaflokki, kemur inn í endurvinnsluferlið þar sem úrgangsefni eru í reynd endurunnin í vörur, efnivið eða efni.

2. Að því er varðar c-lið 1. mgr. skal mæla þyngd endurunnins heimilis- og rekstrarúrgangs þegar úrgangurinn kemur inn í endurvinnsluferlið.

Þrátt fyrir fyrstu undirgrein má mæla þyngd endurrunna heimilis- og rekstrarúrgangsins á grundvelli frálags flokkunarstarfsemi að því tilskildu:

- a) að slíkur frálagsúrgangur sé síðan endurunninn,
- b) að þyngd efniviðar eða efna, sem eru fjarlægð við frekari vinnslu á undan endurvinnslunni og eru ekki endurunnin síðar, sé ekki talin með í þyngd úrgangs sem tilkynnt er að sé endurunninn.

3. Aðildarríki skulu koma á fót skilvirku gæðaeftirlits- og rekjanleikakerfi fyrir heimilis- og rekstrarúrgang til að tryggja að skilyrðin, sem mælt er fyrir um í c-lið 1. mgr. þessarar greinar og í 2. mgr. þessarar greinar, séu uppfyllt. Til að tryggja áreiðanleika og nákvæmni gagnanna, sem safnað er um endurunninn úrgang, getur kerfið samanstaðið af rafrænum skráum sem komið var upp skv. 4. mgr. 35. gr., tækniforskriftum fyrir gæðakröfur að því er varðar flokkaðan úrgang eða meðaltap flokkaðs úrgangs fyrir mismunandi tegundir úrgangs ásamt úrgangsstjórnunarvenjum, eftir því sem við á. Aðeins skal nota meðaltap í tilvikum þar sem ekki er hægt að afla áreiðanlegra gagna með öðrum hætti og það skal reiknað á grundvelli reiknireglanna sem komið var á fót í framseldu gerðinni sem samþykkt var skv. 10. mgr. þessarar greinar.

4. Í þeim tilgangi að reikna út hvort markmiðin, sem mælt er fyrir um í c-, d- og e-lið 2. mgr. 11. gr. og í 3. mgr. 11. gr., hafi náðst má telja það magn lífbrjótanlegs heimilis- og rekstrarúrgangs sem fer til loftháðrar eða loftfirðrar meðhöndlunar sem endurunnið ef sú meðhöndlun framleiðir myltnu, meltu eða annað frálág með svipað magn af endurunnu innihaldi miðað við ílag sem notað verður sem endurunnin vara, efniviður eða efni. Þar sem frálág er notað á land mega aðildarríki aðeins telja það sem endurunnið ef notkun þess leiðir til ávinnings fyrir landbúnað eða vistfræðilegra endurbóta.

Frá og með 1. janúar 2027 er aðildarríkjunum einungis heimilt að telja heimilis- og rekstrarlífúrgang sem fer til loftháðrar eða loftfirðrar meðhöndlunar sem endurunninn ef honum hefur verið safnað sérstaklega eða hann aðskilinn við myndunarstað í samræmi við 22. gr.

5. Til að reikna út hvort markmiðin, sem mælt er fyrir um í c-, d- og e-lið 2. mgr. 11. gr. og í 3. mgr. 11. gr., hafi náðst er heimilt að telja magn úrgangsefna, sem eru hætt að vera úrgangur eftir undirbúningsaðgerð áður en þau fara í uppvinnslu, sem endurunnið að því tilskildu að slíkum efniviðum sé ætlað að fara í síðari uppvinnslu í vörur, efniviði eða efni sem eru ætluð til upphaflegra nota eða annars. Hins vegar skal ekki telja efnivið, sem hættil að vera úrgangur, sem á að nota sem eldsneyti eða til orkuframleiðslu með öðrum hætti, eða sem á að fara í brennslu, í fyllingar eða urðun sem hluta af því að ná endurvinnslumarkmiðunum.

6. Í þeim tilgangi að reikna út hvort markmiðin, sem mælt er fyrir um í c-, d- og e-lið 2. mgr. 11. gr. og í 3. mgr. 11. gr., hafi náðst er aðildarríkjunum heimilt að taka tillit til endurvinnslu á málmum sem voru aðskildir eftir brennslu á heimilis- og rekstrarúrgangi að því tilskildu að endurunnu málmarnir uppfylli tilteknar gæðaviðmiðanir sem mælt er fyrir um í framkvæmdargerð sem er samþykkt skv. 9. mgr. þessarar greinar.

7. Úrgangur, sem er sendur til annars aðildarríkis í þeim tilgangi að undirbúa hann fyrir endurnotkun, endurvinnslu eða fyllingu í því aðildarríki, má einungis telja sem hluta af því að ná markmiðunum, sem mælt er fyrir um í 2. og 3. mgr. 11. gr., í aðildarríkinu þar sem úrganginum var safnað.

8. Úrgangur sem er fluttur út úr Sambandinu til undirbúnings fyrir endurnotkun eða endurvinnslu skal eingöngu teljast hluti af því að ná markmiðunum, sem mælt er fyrir um í 2. og 3. mgr. 11. gr. þessarar tilskipunar, í aðildarríkinu þar sem honum var safnað ef kröfurnar í 3. mgr. þessarar greinar eru uppfylltar og ef, í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1013/2006, útflytjandi getur sannað að tilflutningur úrgangs sé í samræmi við kröfurnar í þeirri reglugerð og að meðhöndlun úrgangs utan Sambandsins hafi farið fram við skilyrði sem eru í stórum dráttum jafngild kröfum í viðkomandi umhverfislöggjöf Sambandsins

9. Til að tryggja samræmd skilyrði við beitingu þessarar greinar skal framkvæmdastjórnin samþykkja framkvæmdargerðir, eigi síðar en 31. mars 2019, þar sem komið er á reglum um útreikning og sannpröfun gagna og skýrslugjöf um þau, einkum að því er varðar:

- a) sameiginlega aðferðafræði fyrir útreikning á þyngd málna sem hafa verið endurnir í samræmi við 6. mgr., þ.m.t. gæðaviðmiðanir fyrir endurunnu málna, og
- b) lífúrgangur sem er aðskilinn og endurunninn við myndunarstað.

Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 39. gr.

10. Eigi síðar en 31. mars 2019 skal framkvæmdastjórnin samþykkja framselda gerð, í samræmi við 38. gr. a, til að bæta við þessa tilskipun með því að koma á reglum um útreikning, sannpröfun og skýrslugjöf varðandi þyngd efniviða eða efna sem eru fjarlægð eftir flokkunaraðgerð og sem eru ekki endurunnin þar á eftir, byggt á meðaltapi flokkaðs úrgangs.

11. gr. b

Snemmiðvörðunarskýrsla

1. Framkvæmdastjórnin skal, í samstarfi við Umhverfisstofnun Evrópu, taka saman skýrslur um þann árangur sem náðst hefur í átt til þess að ná markmiðunum, sem mælt er fyrir um í c-, d- og e-lið 2. mgr. 11. gr. og í 3. mgr. 11. gr., eigi síðar en þremur árum áður en hver frestur fyrir sig, sem þar er mælt fyrir um, rennur út.

2. Skýrslurnar, sem um getur í 1. mgr., skulu innihalda eftirfarandi:

- a) mat á árangri hvers aðildarríkis við að ná markmiðunum,
- b) skrá yfir aðildarríki, sem hætta er á að ná ekki markmiðunum innan tilskilins frests, ásamt viðeigandi tilmælum til hlutaðeigandi aðildarríkja,
- c) dæmi um bestu starfsvenjur sem eru notaðar í öllu Sambandinu sem gætu veitt leiðsögn til framfara í átt til þess að ná markmiðunum.“

14) Í stað 12. gr. kemur eftirfarandi:

„12. gr.

Förgun

1. Þegar endurnýting í samræmi við 1. mgr. 10. gr. á sér ekki stað skulu aðildarríkin tryggja að úrgangur fari gegnum öruggar förgunaraðgerðir sem uppfylla ákvæði 13. gr. um verndun heilbrigðis manna og umhverfisins.
2. Eigi síðar en 31. desember 2024 skal framkvæmdastjórnin vinna mat á förgunaraðgerðunum sem eru tilgreindar í I. viðauka, einkum með hliðsjón af 13. gr., og skal leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið ásamt meðfylgjandi tillögu að nýrri löggjöf, ef við á, með það fyrir augum að setja reglur um förgunaraðgerðir, þ.m.t. með mögulegum takmörkunum, og að taka til athugunar markmið um að draga úr förgun til að tryggja umhverfsvæna úrgangsstjórnun.“

15) Í stað 14. gr. kemur eftirfarandi:

„14. gr.

Kostnaður

1. Í samræmi við mengunarbótaregluna skal upphaflegur framleiðandi úrgangsins eða núverandi eða fyrri handhafar úrgangsins bera kostnaðinn af úrgangsstjórnuninni, þ.m.t. vegna nauðsynlegra grunnvirkja og starfrækslu þeirra.
2. Með fyrirvara um 8. gr. og 8. gr. a er aðildarríkjum heimilt að ákveða að framleiðandi vörunnar, sem úrgangurinn varð til úr, skuli bera kostnaðinn af úrgangsstjórnuninni að hluta til eða öllu leyti og að dreifingaraðilar slíkrar vöru geti tekið þátt í kostnaðinum.“

16) Í stað 3. mgr. 18. gr. kemur eftirfarandi:

„3. Ef hættulegur úrgangur hefur verið blandaður á ólöglegan hátt sem brýtur gegn þessari grein skulu aðildarríkin tryggja, með fyrirvara um 36. gr., að aðskilnaður fari fram þegar það er tæknilega mögulegt og nauðsynlegt til að fara að 13. gr.

Ef aðskilnaðar er ekki krafist samkvæmt fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar skulu aðildarríkin tryggja að blandaði úrgangurinn sé meðhöndlaður á stöð sem hefur aflað sér leyfis, í samræmi við 23. gr., til að meðhöndla slíka blöndu.“

17) Í stað 20. gr. kemur eftirfarandi:

„20. gr.

Hættulegur úrgangur frá heimilum

1. Eigi síðar en 1. janúar 2025 skulu aðildarríkin koma upp sérstakri söfnun fyrir hættulega hluta úrgangs frá heimilum til að tryggja að þeir séu meðhöndlaðir í samræmi við 4. og 13. gr. og mengi ekki aðra heimilis- og rekstrarúrgangsstrauma.
2. Ákvæði 17., 18., 19. og 35. gr. gilda ekki um blandaðan úrgang frá heimilum.
3. Ákvæði 19. og 35. gr. gilda ekki um aðskilda hættulega hluta úrgangs frá heimilum fyrr en stöð eða fyrirtæki, sem hefur aflað sér leyfis eða verið skráð í samræmi við 23. eða 26. gr., hefur samþykkt að taka við honum til söfnunar, förgunar eða endurnýtingar.
4. Eigi síðar en 5. janúar 2020 skal framkvæmdastjórnin taka saman viðmiðunarreglur til að aðstoða aðildarríkin og auðvelda þeim sérstaka söfnun hættulegra hluta úrgangs frá heimilum.“

18) Ákvæðum 21. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað a-, b- og c-liðar í 1. lið. kemur eftirfarandi:

- „a) olíuúrgangi sé safnað sérstaklega nema sérstök söfnun sé ekki tæknilega möguleg, að teknu tilliti til góðra starfsvenja,
- b) olíuúrgangur sé meðhöndlaður og að endurmyndun sé sett í forgang eða, að öðrum kosti, aðrar endurvinnslu-aðgerðir sem skila jafngildri eða betri heildarniðurstöðu fyrir umhverfið en endurmyndun í samræmi við 4. og 13. gr.,
- c) olíuúrgangi með mismunandi eiginleika sé ekki blandað saman og að olíuúrgangi sé ekki blandað saman við annars konar úrgang eða efni ef slík blöndun hindrar endurmyndun þeirra eða aðra endurvinnslu-aðgerð sem skilar jafngildri eða betri heildarniðurstöðu fyrir umhverfið en endurmyndun.“

b) Eftirfarandi málsgrein er bætt við:

„4. Eigi síðar en 31. desember 2022 skal framkvæmdastjórnin kanna gögn um olfúrgang, sem aðildarríkin láta í té í samræmi við 4. mgr. 37. gr., með það fyrir augum að taka til athugunar hagkvæmni þess að samþykkja ráðstafanir um meðhöndlun olfúrgangs, þ.m.t. meginleg markmið um endurmyndun olfúrgangs og frekari ráðstafanir til að stuðla að endurmyndun olfúrgangs. Í því skyni skal framkvæmdastjórnin leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið ásamt, ef við á, tillögu að nýrri löggjöf.“

19) Í stað 22. gr. kemur eftirfarandi:

„22. gr.

Lífúrgangur

1. Aðildarríkin skulu tryggja að eigi síðar en 31. desember 2023 og með fyrirvara um 2. og 3. mgr. 10. gr. sé lífúrgangur annaðhvort aðskilinn og endurunninn við myndunarstað eða safnað sérstaklega og ekki blandað saman við aðrar tegundir úrgangs.

Aðildarríkin geta leyft að úrgangi með svipaðan lífbrjótanleika og myltunargetueiginleika, sem er í samræmi við viðeigandi Evrópustaðla eða aðra jafngilda landsstaðla vegna umbúða sem eru endurheimtanlegar með moltun og lífrænu niðurbroti, sé safnað saman ásamt lífúrgangi.

2. Aðildarríkin skulu gera ráðstafanir í samræmi við 4. og 13. gr. til að:

- hvetja til endurvinnslu lífúrgangs, þ.m.t. mylting og meltun, á þann hátt að það samræmist öflugri umhverfisvernd og leiði til frálags sem uppfyllir viðeigandi hágæðakröfur,
- hvetja til myltingar á heimilum og
- stuðla að notkun efniviða sem eru framleiddir úr lífúrgangi.

3. Eigi síðar en 31. desember 2018 skal framkvæmdastjórnin fara þess á leit við evrópskar staðlastofnanir að þær þrói Evrópustaðla fyrir lífúrgang sem fer í lífræn endurvinnsluferli, fyrir moltu og fyrir meltu, byggt á bestu fánlegu starfsvenjum.“

20) Ákvæðum 27. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„1. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 38. gr. a, til að bæta við þessa tilskipun með því að setja fram tæknilegar lágmarkskröfur fyrir meðhöndlunarstarfsemi, þ.m.t. fyrir flokkun og endurvinnslu úrgangs, sem leyfi þarf fyrir skv. 23. gr., ef ljóst er að slíkar lágmarkskröfur hefðu í för með sér ávinning að því er varðar vernd fyrir heilbrigði manna og umhverfið.“

b) Í stað 4. mgr. kemur eftirfarandi:

„4. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 38. gr. a, til að bæta við þessa tilskipun með því að setja fram lágmarkskröfur fyrir starfsemi sem útheimtir skráningu skv. a- og b-lið 26. gr. ef ljóst er að slíkar lágmarkskröfur hefðu í för með sér ávinning að því er varðar vernd fyrir heilbrigði manna og umhverfið eða þannig megi komast hjá röskun á innri markaðinum.“

21) Ákvæðum 28. gr. er breytt sem hér segir:

a) Ákvæðum 3. mgr. er breytt sem hér segir:

i) Í stað b- og c-liðar kemur eftirfarandi:

„b) stórar förgunar- og endurnýtingarstöðvar sem fyrir eru, þ.m.t. sérstakt fyrirkomulag vegna úrgangsolíu, hættulegs úrgangs, úrgangs sem inniheldur verulegt magn af þýðingarmiklum hráefnum eða úrgangsstrauma sem fjallað er um í sértækri löggjöf Sambandsins,

c) mat á þörfinni fyrir að loka úrgangsstöðvum sem fyrir eru og fyrir viðbótargrunnvirki fyrir úrgangsstöðvar í samræmi við 16. gr.

Aðildarríkin skulu tryggja að unnið sé mat á þeim fjárfestingum og öðrum fjármögnunarleiðum sem þörf er á til að uppfylla þessar þarfir, þ.m.t. fyrir staðaryfirvöld. Þetta mat skal vera hluti af viðkomandi úrgangsstjórnunaráætlunum eða öðrum áætlunarskjölum sem taka til alls yfirráðasvæðis hlutaðeigandi aðildarríkis“.

ii) Eftirfarandi liðum er skotið inn:

- „ca) upplýsingar um ráðstafanir til að ná markmiðinu, sem mælt er fyrir um í 3. mgr. a í 5. gr. tilskipunar 1999/31/EB, eða í öðrum áætlunarskjöllum sem taka til alls yfirráðsvæðis hlutaðeigandi aðildarríkis,
- cb) mat á úrgangssöfnunaráætlunum sem fyrir eru, þ.m.t. um efnivið og umfang sérstakrar söfnunar á yfirráðsvæði og ráðstafanir til að bæta starfrækslu hennar, öllum undanþágum sem eru veittar í samræmi við 3. mgr. 10. gr. og þörf á nýjum söfnunaráætlunum“.

iii) Eftirfarandi liðum er bætt við:

- „f) ráðstafanir til að berjast gegn og koma í veg fyrir dreifingu á rusli í öllum myndum og að hreinsa upp allar tegundir af rusli,
- g) viðeigandi eigindlega eða megindlega vísa og markmið, þ.m.t. um magn úrgangs sem fellur til og meðhöndlun hans og um heimilis- og rekstrarúrgang sem er fargað eða fellur undir orkuheimt.“

b) Í stað 5. mgr. kemur eftirfarandi:

„5. Úrgangsstjórnunaráætlanir skulu samræmast kröfunum um áætlanagerð í úrgangsmálum sem mælt er fyrir um í 14. gr. tilskipunar 94/62/EB, markmiðunum sem mælt er fyrir um í 2. og 3. mgr. 11. gr. þessarar tilskipunar og kröfunum sem mælt er fyrir um í 5. gr. tilskipunar 1999/31/EB og, að því er varðar forvarnir gegn rusli, kröfunum sem mælt er fyrir um í 13. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2008/56/EB (*) og 11. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB (**).“

(*) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/56/EB frá 17. júní 2008 um ramma um aðgerðir Bandalagsins varðandi stefnu í sjávarumhverfismálum (haftilskipunin) (Stjtið. ESB L 164, 25.6.2008, bls. 19).

(**) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB frá 23. október 2000 um aðgerðaramma Bandalagsins um stefnu í vatnsmálum (Stjtið. EB L 327, 22.12.2000, bls. 1).“

22) Ákvæðum 29. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„1. Aðildarríkin skulu koma á áætlunum um forvarnir gegn myndun úrgangs þar sem fram koma a.m.k. þær ráðstafanir vegna forvarna gegn myndun úrgangs sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 9. gr. í samræmi við 1. og 4. gr.“

Slíkar áætlanir skulu annaðhvort felldar inn í úrgangsstjórnunaráætlanirnar, sem krafist er skv. 28. gr., eða aðrar áætlanir varðandi umhverfisstefnu, eftir því sem við á, eða þær skulu vera sérstakar áætlanir. Ef slík áætlun er felld inn í úrgangsstjórnunaráætlun eða inn í þessar aðrar áætlanir skal tilgreina markmiðin og ráðstafanirnar um forvarnir gegn myndun úrgangs með skýrum hætti.“

b) Í stað fyrstu undirgreinar 2. mgr. kemur eftirfarandi:

„2. Þegar aðildarríkin koma slíkum áætlunum á fót skulu þau, ef við á, lýsa því hvað gerningar og ráðstafanir, sem eru tilgreind í IV. viðauka a, leggja af mörkum til forvarna gegn myndun úrgangs og þau skulu meta gagnsemi dæmanna um ráðstafanir, sem koma fram í IV. viðauka, eða annarra viðeigandi ráðstafana. Í áætlununum skal einnig lýsa fyrirbyggjandi ráðstöfunum vegna forvarna gegn myndun úrgangs og hvað þær leggja af mörkum til forvarna gegn myndun úrgangs.“

c) Eftirfarandi málsgrein er skotið inn:

„2a. Aðildarríkin skulu samþykkja sérstakar áætlanir um forvarnir gegn myndun matarúrgangs í áætlunum sínum um forvarnir gegn myndun úrgangs.“

d) Ákvæði 3. og 4. mgr. falla brott.

23) Í stað 2. mgr. 30. gr. kemur eftirfarandi:

„2. Umhverfisstofnun Evrópu skal annað hvert ár birta skýrslu sem inniheldur yfirferð yfir þær framfarir sem orðið hafa við að ljúka við og koma í framkvæmd áætlunum um forvarnir gegn myndun úrgangs, þ.m.t. mat á þróuninni hjá hverju aðildarríki og hjá Sambandinu í heild sinni að því er varðar að koma í veg fyrir myndun úrgangs og að því er varðar aftengingu úrgangsmýndunar frá hagvexti og umbreytingu yfir í hringrásarhagkerfi.“

24) Í stað 2. mgr. 33. gr. kemur eftirfarandi:

„2. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framkvæmdargerðir til að ákvarða snið til að tilkynna upplýsingar varðandi samþykki og umtalsverðar breytingar á úrgangsstjórnunaráætlunum og áætlunum um forvarnir gegn myndun úrgangs. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 39. gr.“

25) Ákvæðum 35. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„1. Stöðvarnar og fyrirtækin, sem um getur í 1. mgr. 23. gr., framleiðendur hættulegs úrgangs og stöðvarnar og fyrirtækin sem safna eða flytja hættulegan úrgang í atvinnuskyni eða sem starfa sem seljendur og miðlarar hættulegs úrgangs skulu halda skrá í rétttri tímaröð yfir:

- a) magn, eðli og uppruna þessa úrgangs og magn vara og efniviða sem verða til við undirbúning fyrir endurnotkun, endurvinnslu eða aðrar endurnýtingaraðgerðir og
- b) ef við á, áfangastað, tíðni söfnunar, flutningsmáta og meðhöndlunaraðferð sem gert er ráð fyrir að því er varðar úrganginn.

Þau skulu gera gögnin aðgengileg fyrir lögbær yfirvöld gegnum rafrænu skrána eða skrárnar sem á að koma á fót skv. 4. mgr. þessarar greinar.“

b) Eftirfarandi málsgreinum er bætt við:

„4. Aðildarríkin skulu koma upp rafrænni skrá eða samræmdum skráum til að skrá gögn um hættulegan úrgang, sem um getur í 1. mgr., sem ná yfir allt landfræðilegt yfirráðasvæði hlutaðeigandi aðildarríkis. Aðildarríkjunum er heimilt að koma á fót slíkum skráum fyrir aðra úrgangsstrauma, einkum fyrir þá úrgangsstrauma sem markmið hafa verið sett fyrir í lagagerðum Sambandsins. Aðildarríkin skulu nota gögn um úrgang sem rekstraraðilar í iðnaði í Evrópuskránni yfir losun og flutning mengandi efna, sem komið var upp samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 166/2006 (*), tilkynna um.

5. Framkvæmdastjórninni er heimilt að samþykkja framkvæmdargerðir til að fastsetja lágmarksskilyrði fyrir rekstur slíkra skráa. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 39. gr.

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 166/2006 frá 18. janúar 2006 um að koma á fót Evrópskrá yfir losun og flutning mengunarefna og um breytingu á tilskipunum ráðsins 91/689/EBE og 96/61/EB (Stjtið. ESB L 33, 4.2.2006, bls. 1).“

26) Í stað 1. mgr. 36. gr. kemur eftirfarandi:

„1. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að banna að úrgangur sé skilinn eftir, hann losaður án eftirlits eða að stjórnun hans sé eftirlitslaus, þ.m.t. dreifing á rusli.“

27) Í stað 37. gr. kemur eftirfarandi:

„37. gr.

Skýrslugjöf

1. Aðildarríkin skulu gefa framkvæmdastjórninni skýrslu fyrir hvert almanaksár um gögn sem varða framkvæmd a- til e-liðar 2. mgr. 11. gr. og 3. mgr. 11. gr.

Þau skulu gefa skýrslu um gögnin rafrænt innan 18 mánaða frá lokum skýrslugjafarársins sem gögnunum er safnað fyrir. Gefa skal skýrslu um gögnin á sniðinu sem framkvæmdastjórnin ákvarðar í samræmi við 7. mgr. þessarar greinar.

Fyrsta skýrslutímabilið skal hefjast á fyrsta heila almanaksárinu eftir að framkvæmdargerðin, þar sem sniðið fyrir skýrslugjöfina er ákvarðað, er samþykkt í samræmi við 7. mgr. þessarar greinar.

2. Í þeim tilgangi að sannreyna að farið sé að b-lið 2. mgr. 11. gr. skulu aðildarríkin gefa skýrslu um magn úrgangs sem er notað í fyllingar og aðrar endurnýtingaraðgerðir fyrir efnivið aðskilið frá því magni úrgangs sem er undirbúið fyrir endurnotkun eða endurunnið. Aðildarríkin skulu greina frá uppvinnslu úrgangs í efnivið, sem á að nota í fyllingaraðgerðir, sem fyllingu.

Í þeim tilgangi að sannreyna að farið sé að c-, d- og e-lið 2. mgr. 11. gr. og 3. mgr. 11. gr. skulu aðildarríkin gefa skýrslu um það magn úrgangs sem er undirbúið fyrir endurnotkun aðskilið frá því magni úrgangs sem er endurunnið.

3. Aðildarríkin skulu gefa framkvæmdastjórninni skýrslu á hverju ári um gögn sem varða framkvæmd 4. og 5. mgr. 9. gr.

Þau skulu gefa skýrslu um gögnin rafrænt innan 18 mánaða frá lokum skýrslugjafarársins sem gögnunum er safnað fyrir. Gefa skal skýrslu um gögnin á sniðinu sem framkvæmdastjórnin ákvarðar í samræmi við 7. mgr. þessarar greinar.

Fyrsta skýrslutímabilið skal hefjast á fyrsta heila almanaksárinu eftir að framkvæmdargerðin, þar sem sniðið fyrir skýrslugjöfina er ákvarðað, er samþykkt í samræmi við 7. mgr. þessarar greinar.

4. Aðildarríkin skulu gefa framkvæmdastjórninni skýrslu fyrir hvert almanaksár um gögn um smurefni úr jarðefnum eða tilbúið smurefni eða iðnaðarolíur sem settar eru á markað og olíuúrgang sem er safnað sérstaklega og meðhöndlaður.

Þau skulu gefa skýrslu um gögnin rafrænt innan 18 mánaða frá lokum skýrslugjafarársins sem gögnunum er safnað fyrir. Gefa skal skýrslu um gögnin á sniðinu sem framkvæmdastjórnin ákvarðar í samræmi við 7. mgr.

Fyrsta skýrslutímabilið skal hefjast á fyrsta heila almanaksárinu eftir að framkvæmdargerðin, þar sem sniðið fyrir skýrslugjöfina er ákvarðað, er samþykkt í samræmi við 7. mgr.

5. Gögnum úr skýrslugjöf aðildarríkjanna í samræmi við þessa grein skal fylgja skýrsla um gæðaeftirlit og skýrsla um ráðstafanir sem gripið hefur verið til skv. 3. og 8. mgr. 11. gr. a, þ.m.t. ítarlegar upplýsingar um meðaltap eftir atvikum. Gefa skal skýrslu um þessar upplýsingar á skýrslugjafarsniðinu sem framkvæmdastjórnin ákvarðar í samræmi við 7. mgr. þessarar greinar.

6. Framkvæmdastjórnin skal fara yfir gögnin úr skýrslugjöfnum í samræmi við þessa grein og birta skýrslu um niðurstöðurnar úr yfirferð sinni. Í skýrslunni skal meta skipulagningu gagnaöflunarinnar, uppruna gagnanna og aðferðafræðina sem er notuð í aðildarríkjunum sem og heilleika, áreiðanleika og samkvæmni gagnanna og hversu tímanleg þau eru. Matið má innihalda sérstök tilmæli um úrbætur. Skýrslan skal tekin saman eftir fyrstu skýrslugjöf aðildarríkjanna um gögnin og á fjögurra ára fresti eftir það.

7. Eigi síðar en 31. mars 2019 skal framkvæmdastjórnin samþykkja framkvæmdargerðir þar sem mælt er fyrir um snið til að gefa skýrslu um gögnin sem um getur í 1., 3., 4. og 5. mgr. þessarar greinar. Að því er varðar skýrslugjöf um framkvæmd a- og b-liðar 2. mgr. 11. gr. skulu aðildarríkin nota sniðið sem er ákvarðað í framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 18. apríl 2012 um spurningalista fyrir skýrslur aðildarríkjanna um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB um úrgang. Að því er varðar skýrslugjöf um matarúrgang skal taka tillit til aðferðanna sem eru þróaðar skv. 8. mgr. 9. gr. við þróun sniðsins fyrir skýrslugjöfina. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 39. gr. þessarar tilskipunar.“

28) Í stað 38. gr. kemur eftirfarandi:

„38. gr.

Upplýsingaskipti og miðlun bestu starfsvenja, túlkun og aðlögun að tækniframförum

1. Framkvæmdastjórnin skal skipuleggja regluleg skipti á upplýsingum og miðlun bestu starfsvenja milli aðildarríkjanna, þ.m.t., eftir því sem við á, við svæðis- og staðaryfirvöld, um framkvæmd og framfylgd krafna í þessari tilskipun í reynd, þ.m.t. varðandi:

- a) beitingu reiknireglanna sem settar eru fram í 11. gr. a og þróun ráðstafana og kerfa til að rekja strauma heimilis- og rekstrarúrgangs frá flokkun til endurvinnslu,
- b) fullnægjandi stjórnunarhætti, framfylgd, samstarf yfir landamæri,
- c) nýsköpun á sviði úrgangsstjórnunar,
- d) landsbundnar viðmiðanir um aukaafurðir og viðmiðanir um hvenær úrgangur hættir að vera úrgangur, eins og um getur í 3. mgr. 5. gr. og í 3. og 4. mgr. 6. gr., með hjálp rafrænnar skrár sem framkvæmdastjórnin á að koma á fót í öllu Sambandinu,

- e) efnahagsleg stjórnþæki og aðrar ráðstafanir sem eru notuð í samræmi við 3. mgr. 4. gr. til að ýta undir að markmiðin náist sem mælt er fyrir um í þeirri grein,
- f) ráðstafanirnar sem mælt er fyrir um í 1. og 2. mgr. 8. gr.,
- g) forvarnarstarf og uppsetningu kerfa sem stuðla að endurnotkunarstarfsemi og lengingu endingartíma,
- h) framkvæmd skuldbindinga að því er varðar sérstaka söfnun,
- i) gerninga og hvata til að ná markmiðunum sem mælt er fyrir um í c-, d- og e-lið 2. mgr. 11. gr.

Framkvæmdastjórnin skal birta opinberlega niðurstöður upplýsingaskipta og miðlun bestu starfsvenja.

2. Framkvæmdastjórninni er heimilt að þróa viðmiðunarreglur um túlkun krafna sem settar eru fram í þessari tilskipun, þ.m.t. um skilgreiningu á úrgangi, forvörnum, endurnotkun ásamt undirbúningi fyrir endurnotkun, endurnýtingu, endurvinnslu og förgun, og um beitingu reiknireglanna sem settar eru fram í 11. gr. a.

Framkvæmdastjórnin skal þróa viðmiðunarreglur um skilgreiningar á heimilis- og rekstrarúrgangi og fyllingu.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 38. gr. a, til að breyta þessari tilskipun með því að skilgreina notkunina á formúlunni fyrir brennslustöðvar sem um getur í lið R1 í II. viðauka. Taka má tillit til staðbundinna veðurfarsskilyrða, svo sem hversu kalt getur orðið og hversu mikil þörf er fyrir upphitun að því marki sem það hefur áhrif á magn orkunnar sem tæknilega er unnt að nota eða framleiða í formi rafmagns, upphitunar, kælingar eða vinnslugufu. Einnig má taka tillit til staðbundinna aðstæðna á ystu svæðum eins og viðurkennt er í þriðju málsgrein 349. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og á yfirráðasvæðunum sem getið er í 25. gr. aðildarlaganna frá 1985.

3. Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 38. gr. a, til að breyta IV. og V. viðauka í ljósi framfara á sviði vísinda og tækni.“

29) Eftirfarandi grein er skotið inn:

„38. gr. a

Beiting framsals

1. Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir að uppfylltum þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þessari grein.

2. Framkvæmdastjórninni skal falið vald til að samþykkja framseldu gerðirnar, sem um getur í 7. gr. (1. mgr.), 9. gr. (8. mgr.), 11. gr. a (10. mgr.), 27. gr. (1. mgr. og 4. mgr.) og 38. gr. (2. og 3. mgr.), í fimm ár frá 4. júlí 2018. Framkvæmdastjórnin skal taka saman skýrslu um valdaframsalið eigi síðar en níu mánuðum fyrir lok fimm ára tímabilsins. Valdaframsalið skal framlengt með þegjandi samkomulagi um jafnlangan tíma, nema Evrópuþingið eða ráðið andmæli þeirri framlengingu eigi síðar en þremur mánuðum fyrir lok hvers tímabils.

3. Evrópuþinginu eða ráðinu er hvenær sem er heimilt að afturkalla valdaframsalið sem um getur í 7. gr. (1. mgr.), 9. gr. (8. mgr.), 11. gr. a (10. mgr.), 27. gr. (1. mgr. og 4. mgr.) og 38. gr. (2. og 3. mgr.). Með ákvörðun um afturköllun skal binda enda á valdaframsalið sem um getur í þeirri ákvörðun. Ákvörðunin öðlast gildi daginn eftir birtingu hennar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* eða síðar, eftir því sem tilgreint er í henni. Hún skal ekki hafa áhrif á gildi neinna framseldra gerða sem þegar eru í gildi.

4. Áður en framseld gerð er samþykkt skal framkvæmdastjórnin hafa samráð við sérfræðinga sem hvert aðildarríki hefur tilnefnt í samræmi við meginreglurnar sem mælt er fyrir um í samstarfssamningnum milli stofnana um betri lagasetningu frá 13. apríl 2016 (*).

5. Um leið og framkvæmdastjórnin samþykkir framselda gerð skal hún samtímis tilkynna það Evrópuþinginu og ráðinu.

6. Framseld gerð, sem er samþykkt skv. 7. gr. (1. mgr.), 9. gr. (8. mgr.), 11. gr. a (10. mgr.), 27. gr. (1. mgr. og 4. mgr.) og 38. gr. (2. og 3. mgr.), skal því aðeins öðlast gildi að Evrópuþingið eða ráðið hafi ekki haft uppi nein andmæli innan tveggja mánaða frá tilkynningu um gerðina til Evrópuþingsins og ráðsins eða ef bæði Evrópuþingið og ráðið hafa upplýst framkvæmdastjórnina, áður en fresturinn er liðinn, um þá fyrirætlun sína að hreyfa ekki andmælum. Þessi frestur skal framlengdur um tvo mánuði að frumkvæði Evrópuþingsins eða ráðsins.

(*) Stj. tíð. ESB. L 123, 12.5.2016, bls. 1.“

30) Í stað 39. gr. kemur eftirfarandi:

„39. gr.

Nefndarmeðferð

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar. Sú nefnd skal vera nefnd í skilningi reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 (*).

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gildir 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.

Skili nefndin ekki álitni skal framkvæmdastjórnin ekki samþykkja drögin að framkvæmdargerðinni og þriðja undirgrein 4. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011 skal gilda.

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 frá 16. febrúar 2011 um reglur og almennar meginreglur varðandi tilhögun eftirlits aðildarríkjanna með framkvæmdastjórninni þegar hún beitir framkvæmdarvaldi sínu (Stjttíð. ESB L 55, 28.2.2011, bls. 13).“

31) Í stað aðgerða R 3, R 4 og R 5 í II. viðauka kemur eftirfarandi:

„R 3 Endurvinnsla eða endurheimt lífrænna efna, sem eru ekki notuð sem leysiefni, (m.a. mylting og aðrar líffræðilegar ummyndunaraðferðir) (*)

R 4 Endurvinnsla eða endurheimt málma og málmsambanda (**)

R 5 Endurvinnsla eða endurheimt annars ólífræns efniviðar (***)

(*) Þetta nær yfir undirbúning fyrir endurnotkun, gösun og hitasundrun þar sem íhlutirnir eru notaðir sem íðefni og endurnýtingu lífrænna efniviða í formi fyllingar.

(**) Þetta nær yfir undirbúning fyrir endurnotkun.

(***) Þetta nær yfir undirbúning fyrir endurnotkun, endurvinnslu ólífrænna byggingarefna, endurnýtingu ólífrænna efniviða í formi fyllingar og hreinsun jarðvegs sem leiðir til endurnýtingar jarðvegsins.“

32) Texta viðaukans við þessa tilskipun er bætt við sem IV. viðauka a og IV. viðauka b.

2. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 5. júlí 2020. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til. Framkvæmdastjórnin skal tilkynna það hinum aðildarríkjunum.

3. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg 30. maí 2018.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

A. TAJANI

forseti.

fyrir hönd ráðsins,

L. PAVLOVA

forseti.

VIÐAUKI

Eftirfarandi viðaukum er bætt við:

„IV. VIÐAUKI a

DÆMI UM EFNAHAGSLEG STJÓRNTÆKI OG AÐRAR RÁÐSTAFANIR TIL AÐ HVETJA TIL BEITINGAR
ÚRGANGSMETAKERFISINS SEM UM GETUR Í 3. MGR. 4. GR. ⁽¹⁾

- 1) Gjöld og takmarkanir varðandi orðun og brennslu úrgangs sem hvetja til forvarna gegn myndun úrgangs og endurvinnslu um leið og orðun verður síst ákjósanlegasti valkosturinn fyrir úrgangsstjórnun.
- 2) Kerfi fyrir „borgaðu þegar þú hendir“ þar sem tekið er gjald af framleiðendum úrgangs á grundvelli magns úrgangs sem fellur til í reynd og hvatt til þess að endurvinnanlegur úrgangur sé aðskilinn við myndunarstað og að dregið sé úr blönduðum úrgangi.
- 3) Efnahagshvatar til að gefa vörur, einkum matvæli.
- 4) Kerfi fyrir rýmkaða ábyrgð framleiðanda vegna margs konar tegunda úrgangs og ráðstafanir til að auka skilvirkni þeirra, kostnaðarhagkvæmni og bæta stjórnunarhætti.
- 5) Skilagjaldskerfi og aðrar ráðstafanir til að hvetja til skilvirkrar söfnunar á notuðum vörum og efniviðum.
- 6) Skynsamleg skipulagning fjárfestinga í grunnvirkjum úrgangsstjórnunar, þ.m.t. með sjóðum Sambandsins.
- 7) Sjálfbær opinber innkaup til að hvetja til betri úrgangsstjórnunar og notkunar á endurunnum vörum og efniviðum.
- 8) Styrkir, sem eru ekki í samræmi við úrgangsmetakerfið, eru lagðir niður í áföngum.
- 9) Notkun á skattalegum ráðstöfunum eða öðrum aðferðum til að stuðla að upptöku efna og efniviða sem eru undirbúin fyrir endurnotkun eða endurunnin.
- 10) Stuðningur við rannsóknir og nýsköpun í þróaðri endurvinnslutækni og endurframleiðslu.
- 11) Notkun á bestu, fánlegu tækni við meðhöndlun úrgangs.
- 12) Efnahagshvatar fyrir svæðis- og staðaryfirvöld, einkum til að stuðla að forvörnum gegn myndun úrgangs og efla kerfi fyrir sérstaka söfnun en komast um leið hjá því að styðja við orðun og brennslu.
- 13) Herferðir til vitundarvakningar, einkum varðandi sérstaka söfnun, forvarnir gegn myndun úrgangs og að draga úr rusli, og samþætta þessa þætti í menntun og þjálfun.
- 14) Kerfi til samræmingar, þ.m.t. á stafrænan hátt, milli allra lögbærra, opinberra yfirvalda sem eiga þátt í úrgangsstjórnun.
- 15) Stuðlað að stöðugum samskiptum og samstarfi milli allra hagsmunaaðila í úrgangsstjórnun og hvetja til frjálsra samninga og skýrslugjafar fyrirtækja um úrgang.

IV. VIÐAUKI b

FRAMKVÆMDAÁÆTLUN SEM LEGGJA SKAL FRAM SKV. 3. MGR. 11. GR.

Framkvæmdaáætlunin sem leggja skal fram skv. 3. mgr. 11. gr. skal innihalda eftirfarandi:

1. mat á fyrri, núverandi og áætluðum hlutföllum endurvinnslu, orðunar og annarrar meðhöndlunar á heimilis- og rekstrarúrgangi og straumum sem hann er samsettur úr,

⁽¹⁾ Þótt þessir gerningar og ráðstafanir geti hvatt til beitingar forvarna gegn myndun úrgangs, sem er hæsta þrepið í úrgangsmetakerfinu, er ítarleg skrá yfir sértækari dæmi um ráðstafanir vegna forvarna gegn myndun úrgangs sett fram í IV. viðauka.

2. mat á framkvæmd úrgangsstjórnunaráætlana og áætlana um forvarnir gegn myndun úrgangs, sem eru fyrir hendi, skv. 28. og 29. gr.,
3. ástæður fyrir því hvers vegna aðildarríkið telur að það sé e.t.v. ekki fært um að ná viðkomandi markmiði, sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 11. gr., innan þess frests sem þar kemur fram og mat á framlengingu á tíma sem er nauðsynleg til að ná því markmiði,
4. ráðstafanir sem eru nauðsynlegar til að ná markmiðunum, sem sett eru fram í 2. og 5. mgr. 11. gr., sem eiga við um aðildarríkið meðan framlenging á tíma stendur yfir, þ.m.t. viðeigandi efnahagsleg stjórnþæki, og aðrar ráðstafanir til að hvetja til beitingar úrgangsmetakerfisins eins og sett er fram í 1. mgr. 4. gr. og í IV. viðauka a,
5. tímaáætlun fyrir framkvæmd ráðstafananna sem eru tilgreindar í 4. lið, ákvörðun á þeim aðila sem er til þess bær að innleiða þær og mat á framlagi hvernar um sig til að ná viðeigandi markmiðum, ef um er að ræða framlengingu á tíma,
6. upplýsingar um fjármögnun úrgangsstjórnunar í samræmi við mengunarbótaregluna,
7. ráðstafanir til að bæta gæði gagna, eins og við á, með það fyrir augum að skipuleggja betur og vakta frammistöðu við úrgangsstjórnun.“